

Greining á ferlum nemenda við Háskóla Íslands árin 2008–2025

Stefán Hrafn Jónsson
Stella Blöndal
Jónína Einarsdóttir
Margrét Sigrún Sigurðardóttir
Jon Edmund Bollom
Ari Klængur Jónsson
apríl 2026



Ágrip

Skýrslan fjallar um greiningu á ferlum nemenda við Háskóla Íslands (HÍ) á tímabilinu 2008–2025 og hefur það að markmiði að varpa ljósi á námsframvindu, líkur á brautskráningu og mismunandi leiðir nemenda í gegnum háskólanám. Byggt er á samkeyrslu ferlagagna og námskeiðagagna þar sem upplýsingar um innritun, stöðu í námi og loknar einingar eru tengdar saman á einstaklingsgrunni.

Greiningin beinist fyrst og fremst að nemendum í grunnnámi og tekur mið af fyrsta virka ferli þeirra. Skilyrði er að nemandi hafi aflað sér ECTS-eininga, sem dregur fram raunverulega þátttöku í námi og dregur úr skekkju sem annars getur skapast vegna skráninga án námsframvindu. Lifunargreining er notuð til að meta líkur á brautskráningu yfir tíma, bæði á fyrsta og síðari ferlum, og til að bera saman brautskráningarhlutfall milli hópa eftir einkennum á borð við kyn, aldur við innritun, deild og innritunarár.

Niðurstöður sýna að hlutfall þeirra sem ljúka námi er breytilegt milli sviða og hópa. Tíu árum eftir innritun á fyrsta feril hafa aðeins 64% nemenda (59,9% karla og um 66,8% kvenna) brautskrást úr einhverju grunnnámi við Háskóla Íslands. Talsverður hluti nemenda lýkur námi innan hefðbundins tíma, en einnig er áberandi að margir teygja nám sitt yfir lengra tímabil eða hverfa frá námi án þess að ljúka prófi. Nokkur munur kemur fram milli fræðasviða þar sem sum svið einkennast af hærri brautskráningarhlutföllum en önnur. Þá eru einnig kerfisbundinn munur eftir aldri við upphaf náms, kyni og hvenær nemendur skrá sig til náms, sem bendir til þess að aðstæður og staða nemenda hafi áhrif á námsframvindu.

Höfundar leggja áherslu á að túlka niðurstöður með varúð, þar sem breytileiki í ferlum endurspeglar bæði hegðun og árangur nemenda og mismunandi skráningarvenjur milli fræðasviða og yfir tíma. Þrátt fyrir það veitir greiningin mikilvæga innsýn og getur nýst við stefnumótun, svo sem til að þróa stuðning, endurskoða skipulag náms og bæta upplýsingagjöf með það að markmiði að efla námsframvindu og brautskráningu.

Hátt hlutfall nemenda sem brautskráist úr annarri deild en þeirri fyrstu auk fjölda ferla sem nemendur skila ekki ECTS einingum er ákall um skipulegt mat á innihaldi, aðgengi, væntanlegra nemenda á kynningarefni um grunnnám, með sérstakri áherslu á hvernig kröfur um undirbúning og ástundun er kynnt.

Hátt hlutfall nemenda sem brautskráist úr annarri deild en þeirri sem þeir hófu nám í, auk fjölda ferla sem skila engum ECTS-einingum, undirstrikar þörf fyrir skipulegt mat á kynningarefni um grunnnám og hvernig nemendur nota þetta efni. Sérstaka áherslu þarf að leggja á hvernig kröfur um undirbúning og ástundun náms eru kynnt væntanlegum nemendum.

Efnisyfirlit

Ágrip	2
Yfirlit mynda	4
Töfluyfirlit	5
Skammstafanir	6
Inngangur	7
Aðferð	8
Úrvinnsla og gögn	8
Takmarkanir	10
Niðurstöður	10
N1. Fjöldi ferla og fjöldi nemenda	11
N2. Brautskráningarhlutfall - Háskóli Íslands	15
N3. Brautskráningarhlutfall á fræðasviðum eftir lykilbreytum	22
Félagsvísindasvið	22
Heilbrigðisvísindasvið	27
Hugvísindasvið	31
Menntavísindasvið	36
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	40
N4. Afdrif nemenda eftir brautskráningu úr grunnnámi	44
N5. Þröskuldsnámskeið	54
Umræður	55
Heimildir	57
Viðauki A	58
Félagsvísindasvið	58
Heilbrigðisvísindasvið	61
Hugvísindasvið	64
Menntavísindasvið	66
Verkfræði- og náttúruvísindasvið	68

Yfirlit mynda

Mynd 1 Tilbúinn tímagluggi ferla.....	10
Mynd 2 Brautskráningarhlutfall eftir fræðasviðum.....	16
Mynd 3 Brautskráningarhlutfall eftir kyni.....	17
Mynd 4 Brautskráningarhlutfall eftir aldri við innritun.	18
Mynd 5 Brautskráningarhlutfall eftir ári skráningar.	20
Mynd 6 Brautskráningarhlutfall úr fyrsta ferli og síðari ferlum við Háskóla Íslands	21
Mynd 7 Brautskráningarhlutfall eftir deildum – Félagsvísindasvið	22
Mynd 8 Brautskráningarhlutfall eftir kyni – Félagsvísindasvið	23
Mynd 9 Brautskráningarhlutfall eftir aldri – Félagsvísindasvið	25
Mynd 10 Brautskráningarhlutfall eftir ári skráningar – Félagsvísindasvið.....	25
Mynd 11 Brautskráningarhlutfall eftir deildum – Heilbrigðisvísindasvið	27
Mynd 12 Brautskráningarhlutfall eftir kyni – Heilbrigðisvísindasvið.....	28
Mynd 13 Brautskráningarhlutfall eftir aldri – Heilbrigðisvísindasvið	29
Mynd 14 Brautskráningarhlutfall eftir ári skráningar – Heilbrigðisvísindasvið	30
Mynd 15 Brautskráningarhlutfall eftir deildum – Hugvísindasvið	31
Mynd 16 Brautskráningarhlutfall eftir kyni – Hugvísindasvið.....	32
Mynd 17 Brautskráningarhlutfall eftir aldri – Hugvísindasvið	33
Mynd 18 Brautskráningarhlutfall eftir ári skráningar – Hugvísindasvið	34
Mynd 19 Brautskráningarhlutfall eftir deildum – Menntavísindasvið	36
Mynd 20 Brautskráningarhlutfall eftir kyni – Menntavísindasvið	37
Mynd 21 Brautskráningarhlutfall eftir aldri – Menntavísindasvið.....	38
Mynd 22 Brautskráningarhlutfall eftir ári skráningar – Menntavísindasvið	39
Mynd 23 Brautskráningarhlutfall eftir deildum – Verkfræði- og náttúruvísindasvið	40
Mynd 24 Brautskráningarhlutfall eftir kyni – Verkfræði- og náttúruvísindasvið	41
Mynd 25 Brautskráningarhlutfall eftir aldri – Verkfræði- og náttúruvísindasvið	42
Mynd 26 Brautskráningarhlutfall eftir ári skráningar – Verkfræði- og náttúruvísindasvið	43

Töfluyfirlit

Tafla 1 Fjöldi ferla í grunn- og framhaldsnámi Háskóla Íslands árið 2008 og síðar. Skipt upp eftir fyrsti og síðari ferill. 0-ferlar meðtaldir.	11
Tafla 2 Aldur nemenda við innritun í grunnnám og fjöldi ferla eftir árum	12
Tafla 3 Ferlar nemanda og fjöldi lokinna eininga við lok vormisseri 2025.....	13
Tafla 4 Ferlar nemanda og fjöldi lokinna eininga við lok vormisseri 2025.....	14
Tafla 5 Fjöldi ferla eftir kyni: Háskóli Íslands.....	15
Tafla 6 Afdrif nemenda á fyrsta ferli grunnnáms frá skráningu 2008–2020. Staða ferils tekin í lok vormisseris 2025.....	45
Tafla 7 Nemendur sem ljúka grunnnámi í deildum FVS fyrir 2021 og meistaragráðu í deildum HÍ til 2025 (ekki viðbótargráða)	47
Tafla 8 Nemendur sem ljúka grunnnámi í deildum HVS fyrir 2021 og meistaragráðu í deildum HÍ til 2025 (ekki viðbótargráða)	48
Tafla 9 Nemendur sem ljúka grunnnámi í deildum HUG fyrir 2021 og meistaragráðu í deildum HÍ til 2025 (ekki viðbótargráða)	49
Tafla 10 Nemendur sem ljúka grunnnámi í deildum MVS fyrir 2021 og meistaragráðu í deildum HÍ til 2025 (ekki viðbótargráða)	51
Tafla 11 Nemendur sem ljúka grunnnámi í deildum VoN fyrir 2021 og meistaragráðu í deildum HÍ (ekki viðbótargráða).....	52

Skammstafanir

Í birtingu niðurstaðna er stuðst við eftirfarandi skammstafanir:

Deild	SVIÐ	Nr	Skammstöfun
Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild	FVS	11	FMB
Félagsráðgjafardeild	FVS	12	FRG
Hagfræðideild	FVS	13	HAG
Lagadeild	FVS	14	LÖG
Stjórn málafræðideild	FVS	15	STJ
Viðskiptafræðideild	FVS	16	VIÐ
Hjúkrunarfræðideild	HVS	21	HJÚ
Lyfjafræðideild	HVS	22	LYF
Læknadeild	HVS	23	LÆK
Matvæla- og næringarfræðideild	HVS	24	MON
Sálfræðideild	HVS	25	SÁL
Tannlæknadeild	HVS	26	TAN
Mála- og menningardeild	HUG	31	MOM
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	HUG	32	GTD
Íslensku- og menningardeild	HUG	33	IOM
Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði	HUG	34	HSF
Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda	MVS	41	HÍT
Deild kennslu- og menntunarfræði	MVS	42	KOM
Deild menntunar og margbreytileika	MVS	43	DMM
Deild faggreinakennslu	MVS	44	FGK
Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild	VoN	51	IVT
Jarðvísindadeild	VoN	52	JVD
Líf- og umhverfisvísindadeild	VoN	53	LUD
Rafmagns- og tölvuverkfræðideild	VoN	54	RTV
Raunvísindadeild	VoN	55	RVD
Umhverfis- og byggingarverkfræðideild	VoN	56	UB
Þverfræðilegt framhaldsnám	ÞVR	61	ÞVR
Nám án gráðu		62	

SD = Sama deild

SF = Sama fræðasvið

ÖD = Önnur deild

AF = Annað fræðasvið

BRSK = Brautskráning

Inngangur

Íslenskt háskólakerfi þykir að mörgu leyti sveigjanlegt í samanburði við háskóla í öðrum löndum. Aðgengi íslenskra nýstúdenta að háskólanámi er gott, meðal annars vegna lágra skráningar- og skólagjalda. Hins vegar hafa stúdentar bent á að styrkja- og námslánakerfi á Íslandi sé ekki jafn öflugt og víða annars staðar. Þessi skortur á stuðningi hefur leitt af sér að atvinnupátttaka háskólanema hér á landi er með því hæsta sem gerist, en rétt tæplega þrír af hverjum fjórum vinna með háskólanáminu (Landssamtök íslenskra stúdenta, 2025). Þá er meðalaldur mæðra við fæðingu fyrsta barns 1–2 árum lægri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum (Unece, e.d.). Þátttaka ungs fólks í barneignum og á vinnumarkaði getur því haft áhrif á framvindu náms, meðal annars með töfum á brautskráningu eða brotthvarfi úr námi.

Markmið þessarar rannsóknar er að greina ferla nemenda við Háskóla Íslands frá upphafi grunnnáms til brautskráningar. Greiningin byggir á gögnum úr nemendaskrá Háskóla Íslands og veitir yfirsýn yfir framvindu nemenda frá innritun. Gögnin ná til nemenda sem hófu grunnnám við skólann á árunum 2008–2025 og gera þannig kleift að fylgjast með ferlum stórs hóps nemenda yfir langt tímabil.

Rýnt er í hlutfall nemenda sem hætta námi, brautskrást úr grunnnámi, færast yfir í annað grunnnám og, eftir atvikum, halda áfram í framhaldsnám. Rannsóknin veitir yfirsýn um ferla nemenda með sérstakri áherslu á brotthvarf. Slíkar upplýsingar geta bætt skilning stjórnenda á ferlum nemenda og þannig skapað tækifæri til úrbóta í stoðþjónustu og upplýsingagjöf innan skólans. Niðurstöðurnar geta jafnframt nýst við skipulag kennslu og náms og sem grunnur að sjálfsmatsskýrslum Háskóla Íslands.

Til viðbótar við greiningu á námsferlum í grunnnámi skoðum við einnig í hvaða framhaldsnám nemendur fara að loknu námi. Niðurstöðurnar geta stutt þverfræðilega samvinnu, til dæmis í kennaramenntun, með því að samræma grunnnám betur að því framhaldsnámi í kennslufræðum sem nemendur velja, eða öfugt samræma meistaranám betur við það grunnnám sem nemendur eru með þegar þeir hefja framhaldsnám. Áreiðanleg gögn um bakgrunn brautskráðra kennara geta haft áhrif á skipulag bæði grunn- og meistaranáms í kennslufræði og jafnframt nýst til að útbúa kynningarefni fyrir háskólann.

Markmið rannsóknarinnar er að greina ferla nemenda við Háskóli Íslands, brautskráningarhlutfall í grunnnámi og greina betur tengsl milli grunnnáms og framhaldsnáms en áður hefur verið gert. Rannsóknin beinist að því að kortleggja í hvaða deildum nemendur ljúka meistaranámi eftir að hafa lokið grunnnámi, og þar með varpa ljósi á samfellu innan fræðasviða og flæði milli þeirra.

Aðferð

Rannsóknin nær til allra nemenda sem innrituðust í grunnnám við Háskóla Íslands á árunum 2008–2025. Greiningin byggir á fyrsta ferli hvers nemanda í nemendaskrá skólans. Bakgrunnsbreytur sem notaðar eru í greiningunni eru deild, fræðasvið, kyn, aldur við innritun og innritunarár.

Gögnin eru fengin úr nemendaskrá Háskóla Íslands og voru dregin út af starfsfólki Upplýsingatæknisviðs (UTS), sem fær hér með kærar þakkir fyrir aðstoðina. Verkefnið var styrkt af kennslumálasjóð. Starfsfólki þar eru færðar kærar þakkir fyrir styrkinn og þolinmæðina. Skiptinemar og nemendur í námi án prófgráðu (t.d. viðbótardiplómanám) eru ekki hluti af greiningunni þar sem slíkir ferlar fylgja ekki hefðbundnum námsleiðum til prófgráðu. Ekki er unnið með einkunnir nemenda sem slíkar, heldur aðeins hvort nemendur ljúki námsleiðum og safni ECTS-einingum.

Þegar nemandi sækir um nám við Háskóla Íslands og greiðir skráningargjald er hann skráður í nemendaskrá háskólans og stofnaður er „ferill“ nemandans í tilgreindri námsleið. Sumir nemendur ljúka námi á hefðbundnum tíma, aðrir taka lengri tíma, skipta um námsleið (vertera) og enn aðrir hætta námi. Í sumum tilvikum geta nemendur einnig verið skráðir á fleiri en einn feril vegna breytinga á námsleið eða endurinnritunar eftir hlé í námi. Einnig þekkist það að nemendur eru endurskráðir á nýjan feril í sömu námsleið ef skipulag námsleiðar eða stoðþjónustu krefst þess. Í sumum tilfellum endurinnrita nemendur sig í sömu námsgrein eftir hlé eða annað rof í námi. Þá er ýmist stofnaður nýr ferill eða nemandinn heldur áfram með fyrri feril.

Úrvinnsla og gögn

Gögnin voru flutt inn í tölfraeðiforritið R þar sem þau voru hreinsuð, samkeyrð og undirbúin til greiningar. Samkeyrsla byggði í upphafi á kennitölum, sem gerði kleift að tengja saman upplýsingar um ferla nemenda og námsleið sem þeir höfðu skráð sig í. Við meðhöndlun gagnanna var lögð áhersla á trúnað og persónuvernd. Áhersla var lögð á að í skýrslunni sjálfri væri ekki unnt að tilgreina ákveðna nemendur.

Gögnin byggja annars vegar á ferlagögnum nemenda og hins vegar á námsleiðagögnum sem innihalda upplýsingar um loknar ECTS-einingar. Við úrvinnslu voru gögnin fyrst hreinsuð, meðal annars með því að samræma dálkaheiti, fjarlægja ósýnileg tákn og laga textabreytur. Fyrir lifunargreiningu gögnin síuð þannig að aðeins ferlar sem tilheyrðu grunnnámi voru teknir með í greiningu. Einingar úr námsleiðagögnum voru síðan lagðar saman fyrir hverja samsetningu nemanda og ferils, þannig að hægt væri að ákvarða heildarfjölda ECTS-eininga á hverjum ferli.

Í greiningunni er upphaf náms afmarkað við upphaf fyrsta raunverulega námsferils nemanda í grunnnámi. Sá ferill er skilgreindur sem fyrsti ferill þar sem nemandi hefur lokið einni eða fleiri ECTS-einingum. Við úrvinnslu gagnanna kom í ljós að töluverður fjöldi ferla hafði engar skráðar ECTS-einingar. Slíkir ferlar endurspegla líklega í mörgum tilvikum nemendur sem skráðu sig í nám en hófu það ekki í reynd, eða hófu nám án þess að ljúka nokkru námsleiði. Þar sem markmið rannsóknarinnar er að greina framvindu náms þeirra sem hefja nám var þessum ferlum sleppt. Með þeirri afmörkun fæst raunhæfari mynd af námsframvindu og brotthvarfi meðal þeirra sem taka virkan þátt í

námi. Ef fyrsti skráði ferill nemanda hafði engar loknar einingar, en næsti ferill hafði slíkar einingar, var sá síðarnefndi talinn fyrsti ferill í greiningunni. Fyrsta innritun í myndum og útreikningum miðast með sama hætti við fyrstu innritun í feril sem skilar einingum. Með þessari afmörkun er leitast við að greina námsframvindu þeirra sem í raun hefja nám, þar sem lítil merking felst í því að flokka nemendur sem brottfall ef þeir hófu námið aldrei í raun. Þessum 0-ferlum er gerð nánari skil síðar.

Við afmörkun úrtaksins er jafnframt litið svo á að fyrsta innritun nemenda í grunnnám árið 2008 og síðar markar upphaf fyrsta ferils í þessari greiningu. Fyrri reynsla nemenda af Háskóla Íslands fyrir þann tíma er því ekki tekin með. Þannig getur nemandi hafa verið skráður í nám á árunum 2006 og 2007 án þess að þeir ferlar teljist með, en ferill sem hefst árið 2008 er þá skilgreindur sem fyrsti ferill í greiningunni. Mögulega er eitthvað um að nemendur taki með sér einingar úr grunnnámsferli frá því fyrir árið 2008, sem mögulega skýrir lágt en stundum greinilegt brautskráningarhlutfall á fyrsta 1-2 árum námsferils. Þessi nálgun hefur vissulega bæði kosti og galla, en tryggir samræmi í skilgreiningu upphafstíma rannsóknarinnar.

Greining námsferla byggir á aðferðum lifunargreiningar (survival analysis). Sú aðferð gerir kleift að meta líkur á atburðum yfir tíma, í þessu tilviki brautskráningu, og tekur jafnframt tillit til þess að nemendur hafa mismunandi langan tíma til að ljúka námi. Tíminn er reiknaður frá innritunardegi (tími = 0) þar til nemandi brautskráist eða þar til lokadagur gagnasafnsins er náð. Nemendur sem eru enn í námi við lok eftirfylgnitímabils eru skilgreindir sem skertar mælingar (censored), sem þýðir að eftirfylgni við þá lýkur á þeim tímapunkti án þess að það skekki niðurstöður.


Í rannsókninni er nemendum fylgt frá innritun og allt að tíu árum eftir hana. Þeir sem hófu nám fyrr hafa því lengri mögulegan eftirfylgnitíma en þeir sem hófu nám síðar. Tvær megin nálganir eru notaðar í greiningunni. Annars vegar er Kaplan–Meier líkan notað til að meta uppsafnaðar líkur á brautskráningu yfir tíma. Hins vegar eru notuð líkön sem taka tillit til keppnishæfra atburða (competing risks), þar sem greint er á milli mismunandi tegunda brautskráningar, til dæmis úr fyrsta ferli, úr síðari ferli innan sama fræðasviðs eða úr ferli á öðru fræðasviði.

Mynd 1 sýnir hvernig tímagluggi rannsóknarinnar er skilgreindur. Rannsóknin nær til nemenda sem hófu nám við Háskóla Íslands á árunum 2008–2025 og þeim er fylgt í allt að tíu ár frá innritun. Ferlar sem hefjast fyrir árið 2008 falla utan rannsóknarinnar. Ef námsferill nær út fyrir tímaglugga gagnasafnsins er eftirfylgni stöðvuð við lok gagnasafnsins og ferillinn skilgreindur sem skert mæling. Með þessari nálgun leggja allir nemendur sem uppfylla skilyrði rannsóknarinnar sitt af mörkum til greiningarinnar á meðan þeir eru innan tímagluggans, án þess að mismunandi lengd eftirfylgni skekki niðurstöður.

Greiningarnar eru framkvæmdar bæði fyrir háskólann í heild og fyrir undirhópa nemenda, meðal annars eftir fræðasviðum, deildum, kyni, aldri við innritun og skráningarári. Niðurstöður eru settar fram í töflum og myndum sem sýna uppsafnaðar líkur á brautskráningu yfir tíma, þar sem brautskráningar birtast sem hækkandi línu yfir tíma þar til metnun næst og ekki bætist lengur við hlutfallið eftir 10 ár frá upphafi ferils.

Takmarkanir

Aðferðin hefur þó ákveðnar takmarkanir. Niðurstöðurnar ráðast að hluta af gæðum frumgagnanna, einkum hvað varðar dagsetningar og stöðumerkingar. Lokadagur gagnasafnsins hefur einnig áhrif á þá ferla sem enn eru í gangi við lok athugunartímabilsins, og hópar með fáa nemendur geta sýnt sveiflukenndari mynstur. Þrátt fyrir þetta er lifunargreining öflug aðferð til að greina námsframvindu í tímavídd og gefur skýrari mynd en einfaldar þversniðsgreiningar.



Mynd 1 Tilbúinn tímagluggi ferla.

Niðurstöður

Rannsóknin dregur fram mjög fjölbreytt mynstur í námsferlum nemenda Háskóla Íslands. Hér á eftir eru helstu niðurstöður kynntar og skýrslunni skipt í nokkra undirkafla.

Í fyrsta kafla er fjallað um fjölda nemenda og fjölda námsferla í nemendaskrá Háskóla Íslands. Markmiðið er að ramma inn þau gögn sem greiningin byggir á og gefa heildarmynd af því hvernig námsferlar eru skráðir og nýttir við háskólann.

Í öðrum kafla er fjallað um brautskráningarhlutfall nemenda á fyrsta ferli í grunnnámi við Háskóla Íslands. Upphafspunktur greiningar ($t=0$) er skráning í fyrsta feril nemenda, eftir að ferlar án ECTS-eininga (0-ferlar) hafa verið fjarlægðir. Niðurstöður eru settar fram fyrir háskólann í heild og greindar eftir lykilbreytum: fræðasviði, kyni, aldri við innritun og innritunarári.

Í öðrum og þriðja kafla greiningarinnar er meðal annars litið til innritunarárganga, aldurs við innritun og brautskráningarhlutfalls. Þekkt er að fjöldi háskólanemenda sveiflast að hluta með hagsveiflum. Hins vegar hefur lítið verið rannsakað hvort heldni í námi tengist einnig efnahagsástandi, til dæmis hvort þeir sem hefja nám þegar atvinnuleysi er hátt séu líklegri til að ljúka námi. Aukið atvinnuleysi í kjölfar bankahrunsins 2008 og síðar í kjölfar COVID-19 hafði áhrif á sókn í háskólanám, en óljóst er hvort slík áhrif ná einnig til námsframvindu og brautskráninga.

Í þriðja kafla er brautskráningarhlutfall á fyrsta ferli (að undanskildum 0-ferlum ferlum) greint nánar eftir fræðasviðum Háskóla Íslands. Frekari sundurliðun eftir deildum er að finna í viðauka.

Í fjórða kafla er fjallað um afdrif nemenda eftir brautskráningu úr grunnnámi. Þar er greint hvert nemendur leita í framhaldsnámi eftir að hafa lokið grunnnámi í tiltekinni deild eða á tilteknu fræðasviði. Sem dæmi má nefna að upplýsingar um hvar útskrifaðir kennarar luku grunnnámi sínu geta nýst við þróun kennaranáms og samstarf milli fræðasviða. Sambærilegar upplýsingar um aðrar samsetningar grunn- og meistaranáms geta jafnframt stutt við endurbætur á námsleiðum á framhaldsstigi.

Í fimmta kafla er að lokum fjallað stuttlega um svokölluð þröskuldsnámskeið, það er námskeið sem tengjast auknum líkum á því að nemendur hætti námi án þess að brautskrást. Aðferð við slíka greiningu er kynnt, en vegna persónuverndar og annarra sjónarmiða eru upplýsingar um einstök námskeið ekki birtar opinberlega. Til að túlka slíkar niðurstöður með ábyrgum hætti þarf jafnframt góða þekkingu á aðstæðum innan einstakra deilda.

Úrvinnsla gagnanna er sett upp þannig að auðvelt sé að bæta nýjum gögnum við í framtíðinni. Þannig verður hægt að meta síðar hvort ýmsar breytingar á menntakerfinu og aðrar samfélagsbreytingar gætu haft áhrif á ferla nemenda.

N1. Fjöldi ferla og fjöldi nemenda

Fyrsta taflan í þessum kafla sýnir fjölda ferla í grunnnámi og námi á meistarastigi við Háskóla Íslands.

Tafla 1 Fjöldi ferla í grunn- og framhaldsnámi Háskóla Íslands árið 2008 og síðar. Skipt upp eftir fyrsti og síðari ferill. 0-ferlar meðtaldir.

Ár skráningar	Grunnnám			Meistaránám		
	1.	2.+	Samtals	1.	2.+	Samtals
2008	4322	378	4700	2061	139	2200
2009	4806	1300	6106	2132	297	2429
2010	3613	1599	5212	1629	447	2076
2011	3392	2091	5483	1629	511	2140
2012	3117	2093	5210	1684	534	2218
2013	2871	2129	5000	1726	635	2361
2014	2410	1675	4085	1568	628	2196
2015	2304	1681	3985	1609	717	2326
2016	2394	1452	3846	1562	708	2270
2017	2120	1470	3590	1411	725	2136
2018	2262	1343	3605	1413	795	2208
2019	2383	1548	3931	1593	904	2497
2020	3029	1756	4785	2048	1499	3547
2021	2357	1691	4048	1689	1160	2849
2022	1866	1516	3382	1557	953	2510
2023	2008	1346	3354	1693	1045	2738
2024	2153	1396	3549	1492	1041	2533
Samtals	47.407	26.464	73.871	28.496	12.738	41.234

Tafla 1 sýnir fjölda námsferla í grunnnámi og meistaranámi við Háskóla Íslands eftir skráningarári og hvort um er að ræða fyrsta feril nemanda eða síðari feril á því námsstigi. Hér er því ekki einungis talinn fjöldi nemenda, heldur einnig hversu oft þeir hefja nýjan námsferil. Í töflum 1-3 eru svokallaðir 0-ferlar með til að draga fram umfang þeirra. Þótt margir 0-ferlar feli ekki í sér álag á kennara, fellur engu að síður til mismikil vinna hjá stoðþjónustu háskólans vegna umsýslu þessara ferla og þjónustu við nemendur, eftir aðstæðum.

Í grunnnámi má sjá að flestir ferlar eru fyrstu ferlar nemenda. Árið 2008 voru til dæmis 4.322 fyrstu ferlar en til viðbótar aðeins 378 aðrir og síðari ferlar. Skýringin er fyrst og fremst sú að árið 2008 markar upphaf gagna í þessari greiningu. Nemendur sem höfðu hafið fyrri ferla fyrir þann tíma birtast því ekki sem „annar ferill“ í gagnasafninu.

Á næstu árum fjölgar öðrum og síðari ferlum, sem endurspeglar að hluti nemenda hefji nýjan námsferil eftir að hafa áður verið skráður í nám. Árið 2011 voru til dæmis 3.392 fyrstu ferlar í grunnnámi en 2.091 annar eða síðari ferill. Þetta sýnir að töluverður hópur nemenda snýr aftur í nám eða skiptir um námsleið.

Svipað mynstur má sjá í meistaranámi, þó í minni mæli. Árið 2008 voru 2.061 fyrsti ferill í meistaranámi og 139 síðari ferlar, en árið 2019 voru fyrstu ferlar 1.593 en síðari ferlar 904. Hlutfall síðari ferla hækkar þannig með tímanum, eftir því sem fleiri nemendur hafa áður verið skráðir í nám við háskólann. Í töflu 1 eru ekki teknir með innritaðir ferlar fyrir árið 2025 þar sem árinu var ekki lokið þegar gögnin voru tekin út.

Í heild sýnir taflan að á tímabilinu frá 2008 til og með 2024 hafa verið skráðir 73.871 ferlar í grunnnámi og 41.234 ferlar í meistaranámi. Þar af eru um tveir þriðju ferlanna fyrstu ferlar, en um þriðjungur annar eða síðari ferill. Taflan undirstrikar þannig að verulegur hluti nemenda við Háskóla Íslands hefst handa við nám á ný eftir að hafa annaðhvort hætt eða skipt um feril snemma í háskólanámi.

Tafla 2 Aldur nemenda við innritun í grunnnám og fjöldi ferla eftir árum

Upphaf ferils	N	Meðalaldur	p10	p25	Miðgildi	p75	p90
2008	4700	26,3	20	21	23	28	39
2009	6106	25,5	20	20	22	27	36
2010	5212	25,6	20	20	22	28	37
2011	5483	26,0	20	21	23	28	37
2012	5210	25,4	19	20	22	27	36
2013	5000	25,4	20	20	22	27	36
2014	4085	25,0	20	20	22	26	34
2015	3985	25,1	19	20	22	26	35
2016	3846	25,0	19	20	22	26	35
2017	3590	25,3	19	20	22	27	35
2018	3605	24,8	19	20	22	26	35
2019	3931	24,5	19	20	22	26	34
2020	4785	24,9	19	20	22	27	36
2021	4048	24,8	19	20	21	27	36
2022	3382	24,6	19	20	21	27	35
2023	3354	24,7	19	20	21	26	36
2024	3549	25,0	19	20	21	27	36

Tafla 2 dregur fram aldursdreifingu nemenda þegar þeir hefja nám við Háskóla Íslands í fyrsta sinn. Í töflunni eru allir nýskráðir ferlar nemenda í grunnnámi og meðalaldur nemenda ásamt fjórðungamörkum og 10% mörkum yngstu og elstu nýnemanna. Þannig má sjá að 10% skráninga ferla í grunnnámi voru fyrir fólk 39 ára eða eldra árið 2008, meðalaldurinn var óvenju hár eða 26,3 ár. Tíu árum síðar, 2018, eru 90% mörkin komin niður í 35 ár og meðalaldurinn 24,8 ár. Aldur er reiknaður í heiltölugildi aldur við innritun. Nemandi er sem dæmi 19,0 ára í útreikningum ef hann verður 20 ára daginn eftir innritun. Ekki er að sjá teljandi eða skýr merki styttingu framhaldsskólans á aldur nemenda í grunnnámi, en aðrir þættir hafa áhrif þar á eins og kemur fram síðar í þessari skýrslu. Eins og áður segir er Háskóli Íslands opinn og skráningargjöld lág miðað við skólagjöld víða um heim. Mikill sveigjanleiki er að skipta um nám, tækifæri sem nemendur virðast nýta sér töluvert.

Tafla 3 Ferlar nemanda og fjöldi lokinna eininga við lok vormisseris 2025

Innritunarár	Fjöldi ECTS einingar í lok vormisseris 2025						Samtals
	0	1-29	30-59	60-89	90-119	120+	
2008	1633	922	521	171	134	1319	4700
2009	2057	1402	615	230	207	1595	6106
2010	1852	1061	462	232	157	1448	5212
2011	2173	998	458	196	168	1490	5483
2012	2017	941	447	172	152	1481	5210
2013	1858	846	368	179	174	1575	5000
2014	1373	719	338	152	133	1370	4085
2015	1301	682	321	153	257	1271	3985
2016	1365	581	347	192	205	1156	3846
2017	1215	570	283	121	223	1178	3590
2018	814	599	346	182	131	1533	3605
2019	930	647	372	176	199	1607	3931
2020	1125	870	542	273	229	1746	4785
2021	1069	828	444	178	177	1352	4048
2022	861	593	347	176	206	1199	3382
2023	836	639	430	368	554	527	3354
2024	829	780	1118	728	83	11	3549

Tafla 4 Ferlar nemanda og fjöldi lokinna eininga við lok vormisseri 2025

Innritunarár	Fjöldi ECTS eininga í lok vormisseris 2025						Samtals
	0	1-29	30-59	60-89	90-119	120+	
2008	34,7%	19,6%	11,1%	3,6%	2,9%	28,1%	100%
2009	33,7%	23,0%	10,1%	3,8%	3,4%	26,1%	100%
2010	35,5%	20,4%	8,9%	4,5%	3,0%	27,8%	100%
2011	39,6%	18,2%	8,4%	3,6%	3,1%	27,2%	100%
2012	38,7%	18,1%	8,6%	3,3%	2,9%	28,4%	100%
2013	37,2%	16,9%	7,4%	3,6%	3,5%	31,5%	100%
2014	33,6%	17,6%	8,3%	3,7%	3,3%	33,5%	100%
2015	32,6%	17,1%	8,1%	3,8%	6,4%	31,9%	100%
2016	35,5%	15,1%	9,0%	5,0%	5,3%	30,1%	100%
2017	33,8%	15,9%	7,9%	3,4%	6,2%	32,8%	100%
2018	22,6%	16,6%	9,6%	5,0%	3,6%	42,5%	100%
2019	23,7%	16,5%	9,5%	4,5%	5,1%	40,9%	100%
2020	23,5%	18,2%	11,3%	5,7%	4,8%	36,5%	100%
2021	26,4%	20,5%	11,0%	4,4%	4,4%	33,4%	100%
2022	25,5%	17,5%	10,3%	5,2%	6,1%	35,5%	100%
2023	24,9%	19,1%	12,8%	11,0%	16,5%	15,7%	100%
2024	23,4%	22,0%	31,5%	20,5%	2,3%	0,3%	100%

Töflur 3 og 4 segja sömu sögu, önnur í fjöldatölum og hin í prósentum. Ef við lítum á eldri innritunarárin, frá 2008 til um 2013 sést að umtalsverður hluti ferla endar með engar einingar. Í fjöldatölum eru þetta til dæmis 1.633 af 4.700 (34,7%) ferlum árið 2008 og 2.057 af 6.106 (33,7%) árið 2009. Árin þar á eftir fækkar hlutfallslega 0-eininga ferlum úr 34% í um 23% Þessi skarpa lækkun sýnir að kerfið sem við vinnum eftir hafi breyst á einhvern hátt, t.d. að Nemendaskrá eða stoðþjónusta á fræðasviðum endurnýtti fyrsta feril nemenda ef þeir hætta á ferli með engum einingum.

Nemandi sem sækir um grunnnám, greiðir skrásetningargjald og fær úthlutuðum ferli í nemendaskrá. Ef hann skráir sig síðan ekki í námskeið eða hefur í raun aldrei námið safnast engar ECTS-einingar á ferilinn. Slík tilvik geta komið fram af ýmsum ástæðum : nemandi gæti hafa ákveðið að hefja nám annars staðar, frestað námi, eða einfaldlega hætt við áður en kennsla hófst. Í þeim tilfellum er erfitt að líta á ferilinn sem raunverulegan námsferil í merkingunni þátttöku í námi.

Af þeirri ástæðu var ferlum með 0-einingum sleppt úr frekari greiningu í þessari rannsókn. Markmið greiningarinnar er að skoða framvindu þeirra sem í raun hefja nám, þ.e. þeirra sem skrá sig í námskeið og afla sér a.m.k. einhverra eininga. Ef 0-eininga ferlar væru hafðir með myndi það ýkja brottfall verulega, þar sem stór hluti þeirra endurspeglar líklega fólk sem hóf aldrei nám í reynd. Þessi 0-ferlar sem teknir eru út hafa samt sem áður að meðaltali um 6-8 ECTS einingar á ári skráð sem fall, um 7-8 einingar sem enda með vottorði. Um 7-8 einingar sem fjarverandi og 6-8 árlegar einingar sem úrsögn. Þar sem ógerningur er að meta hverjir þessara nema í raun hófu nám er einfaldast og skýrast fyrir úrvinnslu að sleppa þeim. Með því að afmarka þýðið við ferla með að minnsta kosti eina ECTS-einingu fæst skýrari mynd af námsframvindu, árangri og brottfalli þeirra sem taka raunverulega þátt í námi við HÍ.

Einhverjar skráningarvillur eru í gögnunum. Sem dæmi þá eru þar 58 ferlar frá árinu 2008 ekki með neinar skráðar einingar en fólkið samt sagt brautskráð á þeim ferli. Breytingar á námsleiðum á árum áður geta valdið þessu, þá gátu nemendur valið um að brautskrást úr nýrri námsleið eða þeirri eldri. Engin ástæða er til að rengja gildi þeirra prófgráða en slíkum skráningarvillum fækkar hratt frá 2008. Vandí er að segja til um hvað veldur en þó má geta sér til um að fækkunin gæti verið í kjölfar betri notkunar kerfisins með betra verklagi eftir því sem reynslan eykst.

Tafla 5 Fjöldi ferla eftir kyni: Háskóli Íslands.

Fjöldi ferla	Karlar	Konur	Kynsegin
1	12.441	20.981	30
2	5.749	11.116	16
3+	4.599	10.067	14
	22.789	42.164	60


Tafla 5 byggir á fjölda ferla sem hver einstaklingur hefur átt við Háskóla Íslands óháð námsstigi og sýnir dreifingu þeirra eftir kyni. Þar eru því taldir einstakir nemendur. Samtals eru 65.013 nemendur í gögnunum, þar af 22.789 karlar, 42.164 konur og 60 sem skráðir eru kynsegin. Kynsegin hópnum er sleppt úr greiningum eftir kyni þar sem hópurinn er of fámennur til frekara niðurbrots.

N2. Brautskráningarhlutfall - Háskóli Íslands

Á næstu myndum er uppsafnað brautskráningarhlutfall á við Háskóla Íslands greint eftir nokkrum lykilbreytum; fræðasviði, kyni, tegund framhaldsskóla, aldri við fyrstu skráningu (þ.e. fyrsta ferli í grunnnámi sem skilar einni eða fleiri einingum) og ári skráningar. Myndræn framsetning er eins fyrir allar breytur. Nemendum er fylgt eftir í tíu ár eftir fyrstu skráningu, að undanskildum ferlum án ECTS eininga. Rauntími núllpunkts á x-ás er breytilegur. Þannig er núllpunktur í mynd 1 einhvern tíma frá árinu 2008 til ársins 2025.

Við byrjum á greiningu fyrir háskólann í heild útfrá nokkrum áhugaverðum frumbreytum, aldri, ári við skráningu, kyni og fræðasviði. Myndir fyrir fræðasvið og deildir fylgja í sér kafla eða viðauka. Vera má að orðfæri í lýsingum á niðurstöðum séu á stundum svipaðar á milli fræðasviða, enda eru ýmis mynstur sem sjá má í fleiri en einni deild og einu fræðasviði.


Uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir fræðasviði



Mynd 2 Brautskráningarhlutfall eftir fræðasviðum

Mynd 2 sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir fræðasviðum Háskóla Íslands yfir tíu ára tímabil frá innritun. Upphaf, $t = 0$ miðar við fyrsta feril í grunnnámi með eina eða fleiri ECTS einingar en brautskráning getur verið á síðari ferli, jafnvel annarri deild. Í viðauka er þetta brautskráningarhlutfall greint fyrir hverja deild eftir fyrsta ferli, síðari ferli í sömu deild, og síðari ferli annarri deild. Á lóðréttu ásnum er hlutfall brautskráninga og á lárétta ásnum er tíminn í árum frá skráningu. Á myndinni sést að Menntavísindasvið hefur hæsta uppsafnaða brautskráningarhlutfallið, 74,5%. Næst hæst er Heilbrigðisvísindasvið (71,8%), á meðan Verkfræði- og náttúruvísindasvið og Félagsvísindasvið eru bæði með um 65%. Lægst er hlutfallið á Hugvísindasviði, um 47%. Stökkið sem sést eftir um þrjú ár endurspeglar brautskráningar eftir hefðbundið þriggja ára grunnám. Brautskráningarhlutfall heldur áfram að aukast. Í fyrstu mætti ætla að hlutfallið hækki lítið eftir 6 ár sem þegar rýnt er í fallið sést að aukningin er um tæp 5 prósentustig sem er talsvert í ljósi þess hversu margir nemendur eru þar á bakvið Varast ber að draga of víðtækar ályktanir af mun milli fræðasviða, þar sem ýmsir þættir geta legið að baki þessum breytileika, t.d. þegar sum fræðasvið sinna endurmenntunarhlutverki meira en önnur. Þessar og aðrar niðurstöður geta nýst Háskóla Íslands við stefnumótun og þróun stuðningsúrræða til að bæta brautskráningarhlutfall á þeim fræðasviðum sem búa við lægst brautskráningarhlutfall.

Uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir kyni - heild



Mynd 3 Brautskráningarhlutfall eftir kyni

Mynd 3 sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall nemenda í grunnnámi við Háskóla Íslands eftir kyni yfir tíu ára tímabil frá fyrstu innritun. Á lóðréttu ásnum er hlutfall þeirra sem hafa brautskráðst (frá 0 til 1,0), en á láréttu ásnum er tími í árum frá fyrstu innritun.


Af myndinni má sjá að brautskráningarhlutfall hækkar lítið fyrstu tvö árin, sem endurspeglar að flestir nemendur eru þá enn í námi. Um þriðja árið hækkar hlutfallið hins vegar hratt hjá báðum kynjum, sem samræmist því að margir ljúka þriggja ára grunnnámi á þeim tíma. Mesta aukningin í brautskráningum á sér þannig stað á tímabilinu frá um þremur til fimm árum eftir innritun.

Konur hafa á öllum tímabilum hærra brautskráningarhlutfall en karlar. Munurinn fer að verða greinilegur eftir um tvö ár frá innritun og helst síðan nokkuð stöðugur. Til dæmis má sjá að um fimm árum eftir innritun hafa um 58% kvenna brautskráðst en um 52% karla. Tíu árum eftir innritun hafa um 66,8% kvenna lokið námi samanborið við um 59,9% karla. Þar sem fleiri konur eru við Háskóla Íslands en karlar er heildarhlutfallið ekki einfalt meðaltal þessara tveggja hópa, heldur 64,3%.

Myndin sýnir því bæði tímasetningu brautskráninga og mun á brautskráningarhlutfalli eftir kyni. Konur eru ekki aðeins í meirihluta meðal nemenda við Háskóla Íslands heldur virðast þær einnig líklegri til að ljúka námi innan þess tímaramma sem hér er skoðaður. Önnur kyn eru ekki með í greiningunni vegna fámennis.

Munurinn milli kynja gæti endurspeglað ólíka stöðu eða áskoranir í námi, mismunandi námshegðun eða ólíkar aðstæður utan náms. Niðurstöðurnar benda til þess að gagnlegt geti verið að skoða nánar hvaða þættir stuðla að námsframvindu og brautskráningu og hvort unnt sé að nýta slíka þekkingu til að styrkja stuðning við nemendur almennt.

Uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir aldri við innritun - heild



Mynd 4 Brautskráningarhlutfall eftir aldri við innritun.

Mynd 4 sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall nemenda í grunnnámi við Háskóla Íslands eftir aldri við fyrstu innritun, allt að tíu árum síðar. Á lóðréttu ásnum er hlutfall þeirra sem hafa brautskráðst en á lárétta ásnum er tími í árum frá fyrstu innritun.

Líkt og í fyrri myndum sést að brautskráningarhlutfall hækkar lítið fyrstu tvö árin en tekur svo stökk um þriðja og fjórða árið, þegar stór hluti nemenda lýkur þriggja ára grunnnámi. Þetta mynstur sést í öllum aldurshópum.

Munur eftir aldri við innritun er þó skýr. Nemendur sem hefja nám ungir hafa hæsta brautskráningarhlutfallið. Til dæmis hafa um 78% nemenda sem hefja nám 18 ára brautskráðst tíu árum síðar. Svipað hlutfall gildir fyrir þá sem hefja nám 19 eða 20 ára. Hjá eldri hópum lækkar hlutfallið smám saman. Nemendur sem hefja nám um tvítugt (t.d. 22 ára) eru enn með tiltölulega hátt brautskráningarhlutfall, en það er þó lægra en hjá yngstu hópnum. Hjá þeim sem hefja nám 25–35 ára eru hlutföllin á bilinu um 50–55% eftir tíu ár. Enn lægra hlutfall sést hjá eldri hópum: um 45% þeirra sem hefja nám 40–49 ára ljúka námi innan tíu ára, um 35% í hópnum 50–59 ára og um 30% meðal þeirra sem hefja nám 60 ára eða eldri.

Aldur við innritun tengist þannig sterklega líkum þess að ljúka námi innan þess tíma sem hér er skoðaður. Nemendur sem hefja háskólanám fljótlega eftir lok framhaldsskóla virðast líklegri til að ljúka námi innan tímarammans en þeir sem hefja nám síðar á ævinni. Hluti skýringarinnar gæti falist í því að eldri nemendur eru oftast með aðrar skuldbindingar


samhliða námi, svo sem vinnu eða fjölskylduábyrgð, sem getur lengt námsferil eða dregið úr líkum á að námi sé lokið innan tíu ára.

Á sama tíma má einnig túlka niðurstöðurnar í ljósi námsferla yfir ævina. Þeir sem hefja nám á hefðbundnum aldri fara oftast í gegnum menntakerfið á samfelldan hátt og ljúka því innan þess tímaramma sem námsleiðirnar eru byggðar á. Þeir sem hefja nám síðar fylgja oftast óhefðbundnari námsleiðum þar sem nám er tekið með hléum eða samhliða öðrum verkefnum. Fylgni milli aldurs við upphaf háskólanáms og líkur á að ljúka grunnnámi er þó ekki endilega orsakasamband, þetta gæti verið tvær birtingarmyndir þess að ljúka námi á hefðbundnum tíma.

Í greiningum fyrir fræðasvið og deildir er notuð einfaldari aldurssskipting, þ.e. færri aldursár. Ástæðan er sú að í sumum deildum eru mjög fáir nemendur á tilteknum aldri og því þarf að sameina aldurshópa til að tryggja nægilega stóra hópa til samanburðar. Þá er 2014 valið sem fulltrúi „venjulegs“ árs en 2008/9 árgangar valdir til að meta áhrif Hrunsins á námsferla nýnema. Árin 2019, 2020 og 2021 eru valin til að draga fram möguleg áhrif af samfélagslegum breytingum á COVID-19 tímabilinu. Auk þess eru þetta nemendur sem eru úr fyrstu árgöngunum sem brautskrást eftir að framhaldsskólinn var stytur.

Niðurstöðurnar benda til þess að gagnlegt geti verið að skoða nánar hvernig skipulag náms og stuðningsúrræði nýtast mismunandi aldurshópum, sérstaklega í ljósi þess að háskólar taka í auknum mæli við nemendum með fjölbreyttan bakgrunn og mismunandi stöðu á lífsleiðinni.

Uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir inntökuári - heild



Mynd 5 Brautskráningarhlutfall eftir ári skráningar.

Mynd 5 sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall nemenda í grunnnámi við Háskóla Íslands eftir innritunarári, allt að tíu árum eftir fyrstu skráningu. Á lóðréttu ásnum er hlutfall þeirra sem hafa brautskráðst (0–1,0) og á láréttu ásnum er tími í árum frá fyrstu innritun. Á myndinni eru sýndir valdir innritunarárgangar: 2008, 2009, 2014, 2018, 2019 og 2020.

Líkt og í fyrri myndum hækkar brautskráningarhlutfallið lítið fyrstu tvö árin, en tekur síðan stökk um þriðja og fjórða árið þegar margir ljúka þriggja ára grunnnámi. Munur milli árganganna verður þó fljótlega sýnilegur.

Nemendur sem hófu nám á árunum 2008 og 2009 eru með lægra brautskráningarhlutfall en margir yngri árgangar. Tíu árum eftir innritun hafa til dæmis um 60% nemendum úr árgangi 2008 brautskráðst, en um 56% úr árgangi 2009. Til samanburðar eru hlutföllin hærri hjá nemendum sem hófu nám síðar; um 66% hjá árgangi 2014. Nýlegri árgangar, svo sem 2018 og 2019, sýna einnig tiltölulega há brautskráningarhlutföll fyrstu árin eftir innritun, en samanburður við eldri árgangahópa er takmarkaður þar sem skemmri tími hefur liðið frá skráningu.


Mynstrið sýnir að munur er á námsframvindu eftir innritunarárgöngum. Hugsanlegt er að ytri aðstæður, svo sem staða efnahagsmála, hafi áhrif bæði á sókn í háskólanám og á námsframvindu. Nemendur sem hófu nám í kjölfar bankahrunsins 2008 gætu til dæmis hafa staðið frammi fyrir öðrum aðstæðum en þeir sem hófu nám síðar á tímum meiri efnahagslegs stöðugleika. Slíkar skýringar þarf þó að skoða nánar.

Almennt má gera ráð fyrir að námsframvinda og brautskráningarhlutfall ráðist af samspili nokkurra þátta. Þar má nefna bakgrunn nemenda, einkenni og kröfur einstakra

námsleiða, ytri aðstæður í samfélaginu, svo sem efnahagsástand, og loks hvernig námsferlar eru skipulagðir og nýttir innan háskólans. Greining á innritunarárgöngum getur þannig veitt mikilvægar vísbendingar um hvernig slíkir þættir tengjast framvindu nemenda í námi.

Hugsanlegar skýringar eru meðal annars aukið frelsi til að sinna námi, betra aðgengi að upptökum og streymi kennslu, breytingar á námsmati og aukinn félagslegur stuðningur. Gögnin gera þó ekki kleift að skera úr um vægi þessara þátta.

Uppsöfnuð tíðni brautskráningar - HÍ í heild



Mynd 6 Brautskráningarhlutfall úr fyrsta ferli og síðari ferlum við Háskóla Íslands

Mynd 6 sýnir fyrir Háskóla Íslands í heild hversu hátt hlutfall nemenda brautskrást á sínum fyrsta ferli (49,8%), á síðari ferli í sömu deild (önnur 3,8%) og til viðbótar hversu margir brautskrást á síðari ferli í annarri deild (viðbótar 10%). Uppsafnað brautskráningahlutfall 10 árum eftir fyrsta feril er því 64,5%. Þessi hlutföll eru reiknuð fyrir allar deildir Háskóla Íslands og birt í viðauka svo þessar fjölmörgu myndir trufla ekki annars gott flæði í skýrslunni til þessa. Myndirnar sem fylgja fyrir fræðasviðin byggja á fyrsta ferli sem skilar einni eða fleiri ECTS-einingum. Þá er nemendum fylgt eftir og lagt mat á hvort þeir brautskrást úr einhverri deild, á þeim eða síðari ferli ferli, að mismörgum árum liðnum. Myndirnar fylgja nemendum í allt að 10 ár. Í viðauka má sjá greiningu á því hvort nemendur brautskráðust úr sömu deild og fyrsta deild eða hvort þeir brautskráðust úr annarri deild í grunnnámi.


Sá fjöldi 0-ferla sem sagt er frá í fyrsta undirkafla niðurstaðna (N1) og þetta háa hlutfall (10%) nemenda sem brautskráist úr annarri deild en þeir klára sínar fyrstu ECTS sýnir að mati höfunda tækifæri til úrbóta. Þetta er sterk vísbending um að þörf sé á að fara í

skipulegt mat á innihaldi og notkun væntanlegra nemenda á kynningarefni um grunnnám, með sérstakri áherslu á hvernig kröfur um undirbúning og ástundun er kynnt

N3. Brautskráningarhlutfall á fræðasviðum eftir lykilbreytum

Í þessum kafla er brautskráningarhlutfall nemenda greint nánar eftir fræðasviðum og lykilbreytum, svo sem deild, kyni, aldri við innritun og innritunarári. Markmiðið er að varpa ljósi á bæði sameiginleg mynstur og sértækan breytileika innan og milli sviða.

Félagsvísindasvið



Mynd 7 Brautskráningarhlutfall eftir deildum – Félagsvísindasvið

Mynd 7 sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall nemenda í grunnnámi á Félagsvísindasviði eftir deildum, allt að tíu árum eftir fyrstu innritun. Á lóðréttu ásnum er hlutfall þeirra sem hafa brautskráðst en á láréttu ásnum er tími í árum frá fyrstu innritun. Sýndar eru línur fyrir allar deildir Félagsvísindasviðs: Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild, Hagfræðideild, Stjórn málafræðideild, Viðskiptafræðideild, Lögfræðideild og Félagsráðgjafadeild.


Líkt og í öðrum greiningum hækkar brautskráningarhlutfall lítið fyrstu tvö árin, en tekur síðan stökk um þriðja og fjórða árið þegar stór hluti nemenda lýkur þriggja ára grunnnámi.

Munur milli deilda er þó sýnilegur. Félagsráðgjafadeild er með hæsta brautskráningarhlutfallið yfir tímabilið; um 75% nemenda sem hefja sitt grunn nám í FRG hafa brautskráðst tíu árum eftir innritun. Hagfræðideild og Lögfræðideild fylgja þar á eftir með hlutföll í kringum 70%. Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild er með um 64% eftir tíu ár. Nokkuð lægra hlutfall sést í Stjórnmálafræðideild og Viðskiptafræðideild, þar sem um 59–60% nemenda hafa lokið námi innan tíu ára.

Heildarmyndin er þó sú að brautskráningarhlutföllin sýna tiltölulega svipuð mynstur á milli deilda á sviðinu, en með um 15 prósentustiga mun milli hæsta og lægsta hlutfalls. Slíkur munur getur tengst ýmsum þáttum, til dæmis eðli námsleiða, skipulagi náms, stærð nemendahópa eða samsetningu nemenda í hverri deild. Greining á brautskráningarhlutfalli eftir deildum getur því varpað ljósi á mismunandi námsferla innan sviðsins og gefið vísbendingar um hvar tækifæri kunna að liggja til að styðja betur við námsframvindu nemenda.

Við túlkun niðurstaðna er jafnframt mikilvægt að hafa í huga að breytileiki milli deilda endurspeglar ekki eingöngu hegðun nemenda, heldur einnig stjórnunar- og skipulagslegar ákvarðanir deilda. Sem dæmi má nefna að í sumum deildum Félagsvísindasviðs hefur tví- og þrífallsreglunni verið beitt, sem kallar á endurinnritun nemenda og hefur áhrif á skráða ferla.

Uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir kyni - Félagsvísindasvið



Mynd 8 Brautskráningarhlutfall eftir kyni – Félagsvísindasvið

Mynd 8 sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall nemenda á Félagsvísindasviði við Háskóla Íslands, flokkað eftir kyni, yfir tíu ára tímabil frá skráningu í nám. Lóðrétti ásinn


sýnir hlutfall brautskráninga (0–1.0) og lárétti ásinn mælir mánuði frá skráningu. Konur eru táknaðar með blárri línu, á meðan karlar eru táknaðir með rauðri línu.

Niðurstöðurnar sýna að konur sem hefja grunnnám á FVS hafa almennt hærra brautskráningarhlutfall en karlar sem hefja nám sitt þar. Þessi munur er lítill í fyrstu en helst stöðugur eftir um það bil 4 ár. Þetta sýnir að konur eru líklegri til að ljúka námi fyrr en karlar og þessi þróun heldur áfram yfir allt tímabilið. Hlutfall brautskráninga karla hækkar jafnt og þétt, en þeir ná ekki sama árangri og konur, jafnvel eftir lengri námstíma.

Munurinn á milli kynjanna gæti stafað af margvíslegum þáttum. Félagslegir þættir, eins og mismunandi ábyrgð utan námsins, geta haft áhrif, þar sem karlar gætu frekar verið að sinna vinnu samhliða námi eða jafnvel glíma við fleiri áskoranir tengdar námi. Að auki gætu einstaklingsbundnir þættir, eins og mismunandi námsaðferðir eða markmið haft einhver áhrif.

Á Félagsvísindasviði, þar sem námsleiðir eru oft fjölbreyttar og opnar, gæti verið mikilvægt að greina nánar hvaða þættir hafa áhrif á þennan kynjamun. Til dæmis gæti verið gagnlegt að skoða hvort námsval innan sviðsins, stuðningur við nám eða samfélagsleg norm tengd kyni hafi áhrif á námsframvindu. Kynjamunur á þessu og öðrum fræðasviðum gefur tilefni til að kanna hvort þörf sé á stefnumótun eða stuðningsúrræðum sem taka mið af þessum mun til að auka líkur karla á að ljúka námi innan áætlaðs tímabils. Þetta gæti falið í sér persónulega leiðsögn, sveigjanleika í námi eða aðra þætti sem stuðla að auknum árangri.

Uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir aldri við innritun - Félagsvísindasvið




Mynd 9 Brautskráningarhlutfall eftir aldri – Félagsvísindasvið

Mynd 9 sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall nemenda á Félagsvísindasviði flokkað eftir aldri þeirra við skráningu. Lóðrétti ásinn táknar hlutfall brautskráninga, og lárétti ásinn táknar ár frá skráningu í nám. Aldurshóparnir eru 19, 20, 25 og 30 ára.

Niðurstöðurnar sýna að nemendur á aldrinum 19 og 20 ára sem hefja sitt grunnnám á þessu sviði hafa almennt hærra brautskráningarhlutfall en aðrir aldurshópar sem hefja nám sitt þar. Nemendur sem klára framhaldsskóla á venjubundnum eða hefðbundnum tíma og fara beint í háskólanám eru þannig líklegir til að klára háskólanám á venjulegum tíma. Þessi hópur nær verulegum árangri innan á þeim tæpu þremur árum sem grunnnám tekur, brautskráningarhlutfall þeirra helst hátt þar til það varla breytist eftir 10 ár. Nemendur 25 ára og eldri eru með lægra hlutfall en þeir sem yngri eru, sem gæti bent til fleiri hindrana sem þessi hópur stendur frammi fyrir, svo sem vinnu eða fjölskylduábyrgðar.

Uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir skráningarári - Félagsvísindasvið



Mynd 10 Brautskráningarhlutfall eftir ári skráningar – Félagsvísindasvið

Þessi mynd sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall á Félagsvísindasviði við Háskóla Íslands flokkað eftir innritunarári nemenda, með mælingu á 10 ár frá innritun. Lóðrétti ásinn sýnir hlutfall brautskráninga (0,0–1,0) og lárétti ásinn táknar tíma frá skráningu, mældan í mánuðum. Innritunarárin sem skoðuð eru, eru 2008, 2009, 2014, 2018, 2019 og 2020


Úr myndinni má lesa að nemendur sem skráðu sig árin 2014 og 2015 og hefja sitt grunnnám á FVS sýna hærra brautskráningarhlutfall en þeir sem hófu nám árið 2008 eða 2009 á FVS. Munurinn er greinilegur eftir fyrstu 3 árin og viðhelst út tímabilið. Þetta gefur

til kynna að breytingar á samfélags- og efnahagsaðstæðum, sem höfðu áhrif á þá sem hófu nám eftir efnahagshrunið árið 2008, gætu hafa stuðlað að lægri brautskráningarhlutföllum hjá þeim hópum. Árið 2018 sýna nemendur nokkuð góðan árangur til að byrja með, en þar sem tímabilið fyrir þann hóp er styttra, er erfiðara að bera hann saman við eldri hópa.

Myndin sýnir tengsl milli innritunarárs nemenda og líkur á brautskráningu. Þetta gæti stafað af breytilegum samfélagslegum og efnahagslegum þáttum, svo sem áhrifum efnahagsástands, fjárhagslegs stuðnings eða breytinga í menntastefnu. Fyrir stefnumótun innan Félagsvísindasviðs er gagnlegt að taka mið af þessum niðurstöðum, þar sem þær benda til þess að samfélagsaðstæður við innritun geti haft langvarandi áhrif á námsframvindu og brautskráningu.

Heilbrigðisvísindasvið

Uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir deildum - Heilbrigðisvísindasvið




Mynd 11 Brautskráningarhlutfall eftir deildum – Heilbrigðisvísindasvið

Mynd 11 sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall nemenda í grunnnámi innan Heilbrigðisvísindasviðs, flokkað eftir deildum, yfir tíu ára tímabil frá fyrstu innritun. Lóðrétti ásinn táknar uppsafnað hlutfall brautskráninga, á meðan lárétti ásinn mælir mánuði frá skráningu. Deildirnar sem greindar eru, eru Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild, Læknadeild, Sálfræðideild, Lyfjafræðideild, Matvæla- og næringarfræðideild og Tannlæknadeild. Námsumhverfi í klásusgreinum, svo sem tannlæknisfræði, er töluvert frábrugðið því sem tíðkast í flestum öðrum deildum, og því þarf að túlka niðurstöður með hliðsjón af sérstöðu nemendahópsins.

Niðurstöðurnar benda til þess að brautskráningarhlutfall sé hæst meðal þeirra nema sem hefja sitt grunnnám í Hjúkrunarfræðideild. Sálfræðideild, Lyfjafræðideild, Læknadeild og Matvæla- og næringarfræðideild eru með lægra brautskráningarhlutfall en Hjúkrunarfræðideildin, þó að þessar deildir sýni hægfara en stöðuga aukningu eftir 3 ár. Tannlæknadeild hefur lægsta uppsafnaða hlutfallið yfir allt tímabilið, sem stafar m.a. af lengri námstíma og ekki síður fjöldatakmörkanna eftir fyrsta misseri. Hlutfallið er uppsafnað yfir síðari ferla, ekki einungis þegar nemandi reynir aftur við tannlæknisfræði heldur einnig ef nemandi sem kemst ekki í gegnum klásus brautskráist síðar úr annarri deild. Höfundar telja mikilvægt að heildstæð túlkun fari fram í samráði við viðkomandi deildir og Heilbrigðisvísindasvið.

Þessar niðurstöður undirstrika mikilvægi deildarsértæks stuðnings innan Heilbrigðisvísindasviðs til að hámarka brautskráningarhlutfall. Skýrar námsleiðir, skipulag og stuðningsúrræði virðast skipta lykilmáli, sérstaklega í deildum þar sem brautskráningarhlutföll eru lægri. Stefnumótun sem tekur mið af þessum þáttum gæti styrkt árangur allra nemenda á Heilbrigðisvísindasviði.




Mynd 12 Brautskráningarhlutfall eftir kyni – Heilbrigðisvísindasvið

Mynd 12 sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir kyni nemenda á Heilbrigðisvísindasviði við Háskóla Íslands yfir 10 ár frá skráningu í nám. Lóðrétti ásinn táknar hlutfall brautskráninga og lárétti ásinn mælir mánuði frá skráningu. Konur eru táknaðar með blárrí línu, en karlar eru táknaðir með rauðri línu.

Sú staðreynd að karlar hafa fyrst um sinn hærra brautskráningarhlutfall skýrist af því að BS-nám í hjúkrunarfræði er fjögurra ára, á meðan önnur grunnnámsprógrömm á sviðinu eru að jafnaði þriggja ára.

Niðurstöðurnar sýna að mögulega þurfi að skoða nánar hvernig megi styðja betur við karla í náminu, sérstaklega þegar kemur að því að ljúka því innan áætlaðs tímabils. Stefnumótun og stuðningsúrræði, eins og einstaklingsmiðuð námsráðgjöf eða aukinn sveigjanleiki, gætu hjálpað til við að minnka kynjamun á námsárangri innan Heilbrigðisvísindasviðs.

Uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir aldri við innritun - Heilbrigðisvísindasvið




Mynd 13 Brautskráningarhlutfall eftir aldri – Heilbrigðisvísindasvið

Mynd 13 sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir aldri nemenda á Heilbrigðisvísindasviði við Háskóla Íslands yfir tíu ára tímabil frá skráningu í nám. Lóðrétti ásinn táknar hlutfall brautskráninga og lárétti ásinn sýnir tíma frá skráningu í mánuðum. Aldurshóparnir eru 19, 20, 25 og 30 ára.

Niðurstöðurnar benda til þess að nemendur á aldrinum 19 og 20 ára hafa hæstu brautskráningarhlutföllin. Það er áhugavert að bera þetta mynstur eftir aldri saman við samskonar greiningar á öðrum fræðasviðum, t.d. á MVS.

Uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir skráningarári - Heilbrigðisvísindasvið




Mynd 14 Brautskráningarhlutfall eftir ári skráningar – Heilbrigðisvísindasvið

Mynd 14 sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall nemenda á Heilbrigðisvísindasviði eftir innritunarári þeirra, með mælingu á 10 ár frá skráningu í nám. Lóðrétti ásinn táknar hlutfall brautskráninga og lárétti ásinn táknar ár frá skráningu. Innritunarárin sem sýnd eru, eru 2008, 2009, 2014, 2018, 2019 og 2020.

Úr myndinni má lesa að af þeim árum sem sýnd eru, er hlutfallið lægst fyrir 2009 árganginn. Árgangurinn sem hóf nám 2008 á HVS skila sér mun betur í brautskráningu en 2009 árgangurinn, ólíkt því sem má sjá á VoN og FVS. Þetta bendir til þess að samfélags- og efnahagslegar aðstæður á tímabilinu í kjölfar efnahagshrunsins 2008 hafi haft áhrif á námsárangur nemenda. Sérstaklega er áberandi að hópurinn frá 2009 sýnir lægra brautskráningarhlutfall yfir allt tímabilið samanborið við nýrri hópa. Hátt brautskráningarhlutfall árganganna sem voru í námi á COVID árunum. Eins og fjallað er um í lýsingu á mynd 5 þá leyfa gögnin ekki að greina á milli nokkurra tilgáta sem skýrt gæti hækkað brautskráningarhlutfall árganganna sem voru í námi á COVID tímum.

Hugvísindasvið

Uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir deildum - Hugvísindasvið




Mynd 15 Brautskráningarhlutfall eftir deildum – Hugvísindasvið

Mynd 15 sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall nemenda á Hugvísindasviði við Háskóla Íslands, flokkað eftir deildum. Lóðrétti ásinn táknar hlutfall brautskráninga (0,0–1,0), á meðan lárétti ásinn sýnir ár frá skráningu. Myndin nær yfir deildirnar Guðfræði- og trúarbragðafræðideild, Íslensku- og menningardeild, Mála- og menningardeild og Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði.

Íslensku- og menningardeild hefur lægsta uppsafnaða brautskráningarhlutfallið, á meðan Guðfræði- og trúarbragðafræðideild er með hæsta hlutfallið. Það er áhugavert að eftir því sem árin líða þá minnkar bilið milli þessara tveggja deilda. Nemendur í Guðfræði og trúarbragðafræði virðast klára á innan við sjö árum og eftir það hækkar hlutfallið lítið, en í Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði hækkar hlutfallið enn eftir 6-10 ár.

Niðurstöðurnar benda til þess að eðli náms og skipulag námsferla innan deilda hafi áhrif á hraða námsframvindu. Sú sérþekking sem er til staðar á Hugvísindasviði gæti nýst við að varpa ljósi á þennan mun. Með frekari greiningu mætti nýta þá þekkingu til að þróa markviss stuðningsúrræði fyrir deildir með lægra brautskráningarhlutfall.

Uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir kyni - Hugvísindasvið




Mynd 16 Brautskráningarhlutfall eftir kyni – Hugvísindasvið

Mynd 16 sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir kyni nemenda á Hugvísindasviði við Háskóla Íslands yfir tíu ára tímabil frá skráningu í nám. Lóðrétti ásinn sýnir hlutfall brautskráninga og lárétti ásinn sýnir ár frá skráningu. Konur eru táknaðar með blárri línu, og karlar með rauðri.

Niðurstöðurnar benda til þess að konur séu líklegri til að ljúka námi fyrr en karlar. Munurinn er lítill fyrstu fjögur árin, en hann verður greinilegri eftir því sem líður á tímabilið. Þetta sýnir að konur á Hugvísindasviði ljúki námi í aðeins meiri mæli en karlar, þó að munurinn sé ekki eins afgerandi og á FVS, MVS og HVS.


Þessar niðurstöður benda til þess að félagslegir eða einstaklingsbundnir þættir hafi mismunandi áhrif á námsframvindu kynjanna á Hugvísindasviði. Gagnlegt er að rýna betur í aðstæður nemenda og meta hvaða þættir stuðla að þessum mun, svo sem námsaðferðir, félagslegar aðstæður eða vinnuálag utan námsins. Stefnumótun sem tekur mið af þessum litla kynjamun gæti samt hjálpað til við að stuðla að jafnari námsárangri meðal allra nemenda á sviðinu.

Uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir aldri við innritun - Hugvísindasvið



Mynd 17 Brautskráningarhlutfall eftir aldri – Hugvísindasvið

Uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir aldri við innritun - Hugvísindasvið



Mynd 17 sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall nemenda á Hugvísindasviði við Háskóla Íslands eftir aldri þeirra við skráningu í nám, mælt yfir tíu ára tímabil. Lóðrétti ásinn táknar hlutfall brautskráninga, en lárétti ásinn táknar ár frá skráningu. Aldurshóparnir eru 19, 20, 25 og 30 ára.


Niðurstöðurnar benda til þess að yngri nemendur, sérstaklega þeir sem eru 19 og 20 ára, séu líklegri til að ljúka námi fyrr. Þessi hópur nær góðu brautskráningarhlutfalli 3-4 ár og viðheldur þeim stöðugleika út tímabilið.

Eldri nemendur hafa umtalsvert lægra brautskráningarhlutfall en yngri hóparnir, en sýna aukningu yfir nær allt tímabilið. Þessi lengri tími sem þeir taka til að ljúka námi, endurspeglar mögulega meiri utanaðkomandi skuldbindingar, svo sem atvinnu, fjölskyldu og íbúðakaup.

Eins og á öðrum fræðasviðum þá sýna niðurstöður að nemendur á aldrinum 19 og 20 ára hafa almennt hærra brautskráningarhlutfall en aðrir aldurshópar. Nemendur sem klára framhaldsskóla á venjubundum eða hefðbundum tíma, fara beint í háskólanám eru þannig líklegir til að klára háskólanám á venjulegum tíma. Þessi hópur nær verulegum árangri innan á þeim tæpu þremur árum sem grunnnám tekur, brautskráningarhlutfall þeirra helst hátt þar til það varla breytist eftir 10 ár. Nemendur 25 ára og eldri eru með lægra hlutfall en þeir sem yngri eru, sem gæti bent til fleiri hindrana sem þessi hópur stendur frammi fyrir, svo sem vinnu eða fjölskylduábyrgðar.

Myndin sýnir því skýrt að aldur við skráningu í nám hefur áhrif á námsframvindu og líkur á brautskráningu. Yngri nemendur eru líklegri til að ljúka námi innan áætlaðs tíma, á meðan eldri nemendur taka lengri tíma og ljúka í minna mæli. Þetta kallar á sértæk úrræði til að styðja eldri nemendur, svo sem aukinn sveigjanleika í námi, persónulegan námsstuðning eða úrræði sem taka mið af þeirra sérstöðu, til að bæta árangur og auka líkur þeirra á að ljúka námi með góðum árangri.

Uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir skráningarári - Hugvísindasvið



Mynd 18 Brautskráningarhlutfall eftir ári skráningar – Hugvísindasvið

Mynd 18 sýnir þróun brautskráningarhlutfalls eftir skráningarári á Hugvísindasviði og gefur mikilvægar vísbendingar um námsframvindu nemenda. Árangur er mismunandi

eftir því hvenær nemendur skráðu sig fyrst í nám. Myndin sýnir að breytingar í samfélaginu eins og staðan efnahagsmála getur haft áhrif á námsárangur. Lóðrétti ásinn táknar hlutfall brautskráninga (0,0–1,0) og lárétti ásinn sýnir ár frá skráningu í nám. Innritunarárin sem eru sýnd eru 2008, 2009, 2014, 2018, 2019 og 2020.

Lægst eru hlutföllin fyrir 2008 árganginn (42,5%) þá 2009 árganginn (44,9%) 2018 árgangurinn nær hæsta hlutfallinu á Hugvísindasviði tæp 55%. Hátt brautskráningarhlutfall árganganna sem voru í námi á COVID árunum. Gögnin leyfa ekki að greina á milli nokkurra tilgáta sem skýrt gæti hækkað brautskráningarhlutfall árganganna sem voru í námi á COVID tímum. Ein slík er að nemendur hafi haft góðan tíma til að læra því fátt var til að draga nemendur frá námsbókunum. Önnur tilgáta er að nemendur áttu auðveldara aðgengi að fyrirlestrum þegar þeir voru teknir upp eða streymt. Þriðja tilgátan er að námsmat hafi ekki verið eins strangt og áður.


Það má álykta að aukinn stöðugleiki í samfélaginu og bætt námsumhverfi hafi jákvæð áhrif á námsárangur nemenda sem innrituðust eftir 2010. Þessi niðurstaða gæti bent til mikilvægi þess að bjóða upp á stuðning og úrræði fyrir nemendur sem skrá sig við óhagstæðari aðstæður, til dæmis á tímum efnahagslegra áfalla, til að bæta námsframvindu þeirra og auka líkur á brautskráningu.

Þróunin gefur tilefni til að skoða frekar hvaða þættir hafa áhrif á árangur, til dæmis hvort breytingar í námskrá, stuðningskerfum eða kennsluháttum hafi bætt stöðuna í seinni árgangi. Ef ætlunin er að bæta árangur enn frekar gæti verið gagnlegt að greina hvort nemendur hafi jafnan aðgang að stuðningi og hvernig námsframvinda dreifist eftir námsbrautum eða einstaklingsbundnum þáttum. Með þessu mætti fá betri innsýn í hvernig árangur þróast og hvað mætti gera til að styðja betur við nemendur.

Þessar niðurstöður benda til þess að námsumhverfið og aðstæður á innritunartíma hafi áhrif á námsárangur. Fyrir nemendur sem skráðu sig árin eftir efnahagskreppuna er augljóst að brautskráningarhlutfall er hærra. Margar mögulegar skýringar er á því, það gæti stafað auknum stöðugleika og betra námsstuðningsumhverfi. Stefnumótun innan Hugvísindasviðs gæti tekið mið af þessum niðurstöðum til að bæta námsárangur þeirra sem skrá sig við óhagstæðari aðstæður, og þróa úrræði til að jafna mun á milli innritunarhópa.

Menntavísindasvið

Uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir deildum - Menntavísindasvið




Mynd 19 Brautskráningarhlutfall eftir deildum – Menntavísindasvið

Þessi mynd sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall nemenda á Menntavísindasviði við Háskóla Íslands, flokkað eftir deildum. Lóðrétti ásinn táknar hlutfall brautskráninga (0,0–1,0), og lárétti ásin sýnir ár frá skráningu í nám. Deildirnar sem greindar eru, eru Deild faggreinakennslu, Deild kennslu- og menntunarfræði, Deild menntunar og margbreytileika og Deild heilsuefningar, íþróttar og tómstunda.

Brautskráningarhlutfallið er hæst í Deild heilsuefningar, íþróttar og tómstunda, og er þar jafnframt eitt hið hæsta meðal allra deilda Háskóla Íslands. Í Deild heilsuefningar, íþróttar og tómstunda er hlutfallið einnig tiltölulega hátt og hækkar nokkuð milli 3. og 4. árs. Lægst er hlutfallið í Deild kennslu- og menntunarfræði.

Uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir kyni - Menntavísindasvið



Mynd 20 Brautskráningarhlutfall eftir kyni – Menntavísindasvið


Myndin sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall yfir tíma eftir kyni á Menntavísindasviði, þar sem lárétti ásin er ár frá fyrstu innritun og lóðrétti ásin uppsafnaðar líkur á að hafa brautskráðst.

Það sem stendur strax upp úr er skýr kynjamunur: konur eru með hærra brautskráningarhlutfall en karlar á öllum tímum ferilsins. Eftir þriðja árið heldur hlutfallið áfram að hækka hjá báðum hópum, en konur halda stöðugt forskoti. Um 5 ár frá innritun hafa um 70% kvenna brautskráðst samanborið við um 60% karla. Undir lok tímabilsins, eftir um 10 ár, eru um 77% kvenna brautskráðar en um 65% karla.

Ferillinn bendir einnig til þess að stærsti hluti brautskráninga eigi sér stað á tiltölulega stuttum tíma, einkum á bilinu 3–5 ár, en eftir það hægir verulega á vextinum. Þetta á við um bæði kyn, þó að konur haldi áfram að bæta við sig hlutfalli í meiri mæli en karlar.

Í heild sýnir myndin að konur ljúka námi bæði oftar og hraðar en karlar á þessu sviði. Munurinn er ekki aðeins tímabundinn heldur viðvarandi yfir allan athugunartímann, sem dregur fram kerfisbundinn kynjamun í námsframvindu og brautskráningu.

Uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir aldri við innritun - Menntavísindasvið



Mynd 21 Brautskráningarhlutfall eftir aldri – Menntavísindasvið

Mynd 21 sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir aldri við innritun á Menntavísindasviði, þar sem bornir eru saman hópar sem hefja nám 19, 20, 25 og 30 ára.

Munur eftir aldri kemur þó skýrt fram, en annað mynstur en sést á öðrum fræðasviðum. Nemendur sem hefja nám 19 ára ná hæstu brautskráningarhlutföllunum yfir mestallt tímabilið. Þeir taka stærsta stökkið í kringum 3 ár og halda forskoti sínu áfram, þannig að undir lok tímabilsins hafa um 85% brautskráðst. Nemendur sem hefja nám 20 ára fylgja mjög svipaðri braut, þó örlítið á eftir 19 ára hópnum framan af. Munurinn minnkar með tíma og undir lok tímabilsins eru þeir nánast jafnir, einnig um 84%.


Hópurinn sem byrjar 25 ára er neðar í gegnum allt tímabilið. Þó að hann fylgi sama mynstri í kringum þriðja árið nær hann ekki sama lokahlutfalli; þar virðist hlutfallið staðnæmast um 74%.

Áhugavert er að 30 ára hópurinn byrjar með meiri hreyfingu snemma (fyrir 2–3 ár), sem gæti bent til þess að hluti hans ljúki námi hraðar eða komi með einingar inn í námið. Hins vegar nær þessi hópur ekki jafn háu lokahlutfalli og yngri hóparnir, þó hann nálgist 80% undir lok tímabilsins og fer fram úr 25 ára hópnum.

Niðurstöður sýna að yngri nemendur þ.e. þeir sem hefja nám 19–20 ára, séu líklegri til að ljúka námi og ná hærra brautskráningarhlutfalli. Brautskráningarhlutfall þeirra sem hefja nám eldri er lægra. Það kemur á óvart að þeir sem eru 30 ára þegar þeir hefja nám ná hærra hlutfalli en 25 ára hópurinn þegar til lengri tíma er litið. Þetta gæti verið tilkomið vegna mismunandi aðstæðna, skuldbindinga eða fyrri reynslu milli aldurshópa. Þannig

gæti 30 ára nemenda staðið sterkar á vinnumarkaði til að geta klárað háskólanám (t.d. ef þeir starfa við kennslu) gæti verið önnur en þeirra 25 ára sem mögulega skýrir þennan mun sem ekki sést á öðrum fræðasviðum.

Uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir skráningarári - Menntavísindasvið




Mynd 22 Brautskráningarhlutfall eftir ári skráningar – Menntavísindasvið

Mynd 22 sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir skráningarári á Menntavísindasviði og hvernig brautskráningarhlutfall mismunandi árganga þróast yfir tíma frá fyrstu innritun. Árgangur 2008 sker sig nokkuð úr framan af með hærra brautskráningarhlutfall strax eftir þriðja árið og heldur nokkru forskoti lengi vel. Undir lok tímabilsins er hann enn meðal þeirra hæstu, þó að munurinn minnki þegar líður á. Á öðrum fræðasviðum (FVS, VoN og HUG) er brautskráningarhlutfall 2008 árgangsins lakari en flestra annarra árganga. Erfitt er að spá um hvað veldur þessum breytileika milli fræðasviða.

Árgangur 2020 nær háu brautskráningarhlutfalli fljótt og nær áhugaverðum toppi fljótlega eftir 5 ár frá innritun.

Verkfræði- og náttúruvísindasvið



Mynd 23 Brautskráningarhlutfall eftir deildum – Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Mynd 23 sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall nemenda á Verkfræði- og náttúruvísindasviði við Háskóla Íslands, flokkað eftir deildum, yfir tíu ára tímabil frá skráningu í nám. Lóðrétti ásin tákna hlutfall brautskráninga, og lárétti ásin tákna ár frá skráningu. Deildirnar sem skoðaðar eru, eru Rafmagns- og tölvufræðideild, Raunvísindadeild, Jarðvísindadeild, Umhverfis- og byggingarverkfræðideild, lönaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, og Líf- og umhverfisvísindadeild.


Brautskráningarhlutfall nemenda í Rafmagns- og tölvufræðideild er eitt það hæsta í lok tímabilsins, með stöðugum vexti eftir fyrstu 3 árin. lönaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild fylgir á eftir með sambærilegu brautskráningarhlutfalli. Raunvísindadeild nær einnig góðum árangri, þó með örlítið hægari vexti yfir tímabilið.

Nemendur sem hefja sitt grunnnám í Jarðvísindadeild hafa lægra brautskráningarhlutfall en aðrar deildir. Nemendur sem byrja í Umhverfis- og byggingarverkfræðideild sýna meðalbrautskráningarhlutfall, með stöðugum hækkunum yfir allt tímabilið.

Þessi mynd undirstrikar fjölbreytta námsframvindu milli deilda innan sviðsins. Nemendur í Rafmagns- og tölvufræðideild og lönaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild virðast ljúka námi fyrr en aðrir. Hægari námsframvinda í deildum eins og Jarðvísindadeild gæti kallað á frekari stuðning eða sveigjanlegri námsleiðir til að bæta

brautskráningarhlutfallið. Stefnunótun sem tekur mið af þessum niðurstöðum gæti stuðlað að því að bæta námsárangur í þeim deildum sem standa verr, á meðan styrkur annarra deilda er nýttur sem fyrirmynd.

Uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir kyni - Verkfræði- og náttúruvísindasvið




Mynd 24 Brautskráningarhlutfall eftir kyni – Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Mynd 24 sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall nemenda á Verkfræði- og náttúruvísindasviði við Háskóla Íslands, flokkað eftir kyni. Lóðrétti ásinn táknar hlutfall brautskráninga og lárétti ásinn sýnir ár frá skráningu í nám.

Myndin sýnir að munur á brautskráningarhlutfalli karla og kvenna sem hefja sitt grunnnám á þessu sviði er lítill, mun minni en á öðrum fræðasviðum. Hlutfallið fyrir bæði kyn hækkar á svipaðan hátt eftir fyrstu 2 árin og heldur áfram að hækka jafnt og þétt til loka tímabilsins. Breytileiki í þessum kynjamun á milli fræðasviða er fyrir margt áhugaverðari en það að á VoN sé kynjamunur. Minni kynjamunur á VoN gæti verið vísbending um jafna aðstöðu og stuðning sem bæði, eða öll, kyn njóta í námi á sviðinu. Þó gæti verið áhugavert að kanna frekar hvort undirliggjandi þættir, eins og val á námsbrautum, bakgrunnur eða stuðningsþættir, hafa áhrif þar á. Það að bæði karlar og konur hafi svipaðar líkur á að ljúka námi innan tilskilins tíma er jákvætt og undirstrikar mikilvægi þess að halda áfram að veita jafnan aðgang og stuðning til allra nemenda óháð kyni.

Uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir aldri við innritun - Verkfræði- og náttúruvísindasvið



Mynd 25 Brautskráningarhlutfall eftir aldri – Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Mynd 25 sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall nemenda í grunnnámi á Verkfræði- og náttúruvísindasviði við Háskóla Íslands eftir aldri við fyrstu innritun, allt að tíu árum síðar. Á lóðréttu ásnum er hlutfall þeirra sem hafa brautskráðst en á lárétta ásnum er tími í árum frá fyrstu innritun. Á myndinni eru sýndir fjórir aldurshópar við innritun: 19, 20, 25 og 30 ára.


Líkt og í öðrum greiningum á brautskráningu hækkar hlutfallið lítið fyrstu tvö árin en tekur síðan stökk um þriðja og fjórða árið þegar stór hluti nemenda lýkur grunnnámi. Þessi þróun sést hjá öllum aldurshópum, en munur milli þeirra kemur fljótt fram.

Nemendur sem hefja nám 19 ára hafa hæsta brautskráningarhlutfallið. Um tíu árum eftir innritun hafa tæplega 80% þeirra lokið námi. Nemendur sem hefja nám 20 ára fylgja þar fast á eftir og ná um 75% eftir tíu ár. Munurinn á þessum tveimur hópum er því tiltölulega lítill.

Aftur á móti er munurinn meiri hjá eldri nemendum. Hjá þeim sem hefja nám 25 ára hafa um 43% lokið námi eftir tíu ár. Enn lægra hlutfall sést hjá þeim sem hefja nám 30 ára, þar sem um 41% hafa brautskráðst eftir tíu ár. Línurnar fyrir þessa eldri hópa hækka hægar og ná lægra jafnvægisstigi yfir tímabilið.

Myndin bendir þannig til þess að aldur við innritun tengist sterklega líkum á brautskráningu á Verkfræði- og náttúruvísindasviði. Nemendur sem hefja nám fljótlega eftir framhaldsskóla virðast líklegri til að ljúka námi innan tíu ára en þeir sem hefja nám síðar. Sömu vangaveltur um mun eftir aldurshópum og fram koma við mynd 4 eiga að stórum hluta við hér.

Uppsafnað brautskráningarhlutfall eftir skráningarári - Verkfræði- og náttúruvísindasvið



Mynd 26 Brautskráningarhlutfall eftir ári skráningar – Verkfræði- og náttúruvísindasvið

Mynd 26 sýnir uppsafnað brautskráningarhlutfall nemenda á Verkfræði- og náttúruvísindasviði við Háskóla Íslands, flokkað eftir skráningarári nemenda. Lóðrétti ásinn sýnir hlutfall brautskráninga, og lárétti ásinn sýnir ár frá skráningu í nám. Skráningarárin sem skoðuð eru, eru 2008, 2009, 2014, 2015 og 2018-20

Á myndinni sést að nemendur sem skráðu sig árið 2008 ná lægsta brautskráningarhlutfallinu í lok tímabilsins. Þeir sýna hægari vöxt í hlutfalli, sérstaklega fyrstu 3 árin, samanborið við nemendur sem skráðu sig seinna. Nemendur sem hófu nám árið 2009 hafa aðeins betra brautskráningarhlutfall, en ferill þeirra fylgir svipuðu mynstri og 2008 hópurinn.

Nemendur sem skráðu sig árin 2014 og 2015 sýna greinilega hærra brautskráningarhlutfall, með hraðari aukningu eftir fyrstu 2 árin og jafnvægi á hærri hlutfallsmörkum í lok tímabilsins. Skráningarárið 2018 fylgir einnig svipuðum þróun, þó þeir nái ekki eins háu hlutfalli innan tíu ára tímabilsins, líklega vegna þess að þeir hafa skemmri tíma til brautskráningar miðað við eldri hópa.

Þessar niðurstöður sýna tengsl milli skráningarárs og brautskráningarhlutfall nemenda. Árangur nemenda sem hófu nám eftir 2014 dregur fram jákvæðar breytingar í umhverfi nemenda. Þessar niðurstöður svipar til þeirra sem sjást í mynd 5.

N4. Afdrif nemenda eftir brautskráningu úr grunnnámi

Auk brautskráningarhlutfalls, sem greint hefur verið hér á undan og lýsir hversu stór hluti nemenda lýkur námi innan tíu ára frá fyrsta ferli, var sjónum beint að því hvort og þá hvar nemendur ljúka meistaranámi eftir að þeir hafa lokið grunnnámi úr tiltekinni deild.

Þar sem gögnin ná yfir um átján ár er unnt að fylgjast nokkuð vel með helstu stefnum og straumum í námsvali nemenda. Vert er að hafa í huga að nemendur sem brautskrást úr meistaranámi á vormisseri 2025 hafa gjarnan hafið grunnnám sitt á haustmisseri 2020 eða fyrr. Þetta minnir á að stefnur og straumar í menningu, viðhorfum og upplifun nemenda í framhaldsskólum endurspeglast oft ekki fyrr en mörgum árum síðar, meðal annars í brautskráningu úr meistaranámi.

Rifjum upp að á tímabilinu 2008–2025 eru skráðir 74.097 ferlar í grunnnámi. Þar af enda 23.412 ferlar með enga ECTS-einingu þegar staðan er tekin í lok vormisseris 2025. Nemendur sem hófu fyrsta feril sinn eftir árið 2020 hafa haft skemmri tíma til að ljúka einingum en þeir sem hófu nám fyrr á tímabilinu. Líkönin sem kynnt eru í myndum 2–26 taka tillit til þess að nemendur hafa haft mislangan tíma til að ljúka námi.

Að því sögðu þá eru næstu töflur þeim annmarka háð að nemendur hafa haft mislangan tíma til að ná á tiltekin stað eftir upphaf náms. Við tökum aðeins til greina brautskráningar úr grunnnámi árið 2020 og fyrr til að gefa nemendum hóflega langan tíma til að klára meistaranám eftir grunnnám.

Tafla 6 Afdrif nemenda á fyrsta ferli grunnnáms frá skráningu 2008–2020. Staða ferils tekin í lok vormisseris 2025.

Deild	fyrsta grunnnáms	ferils	Brsk. 1. ferill	Brsk síðari ferill, SD	Brsk síðari ferill, SF	Brsk síðari ferill, AF	Samtals brsk.	Ekki brsk í HÍ, enn	Líkur á brsk. samkv. módeli	Fjöldi
11-FMP			54,5%	1,1%	1,9%	6,9%	64,4%	35,6%	64,6%	1.696
12-FRG			62,3%	1,5%	1,3%	8,2%	73,3%	26,8%	75,2%	1.155
13-HAG			49,4%	6,4%	7,3%	7,0%	70,1%	29,9%	71,7%	642
14-LÖG			54,8%	1,2%	5,4%	7,4%	68,8%	31,3%	69,7%	1.419
15-STJ			46,9%	1,3%	5,8%	5,4%	59,4%	40,6%	59,2%	930
16-VIÐ			42,3%	9,5%	1,8%	5,4%	59,0%	41,0%	60,0%	2.556
21-HJÚ			53,4%	12,8%	2,6%	7,0%	75,8%	24,2%	79,2%	1.322
22-LYF			42,9%	3,2%	16,3%	13,7%	76,1%	23,9%	76,4%	539
23-LÆK			51,3%	10,0%	4,5%	5,9%	71,7%	28,3%	74,9%	1.497
24-MoN			41,7%	5,1%	4,0%	10,5%	61,3%	38,7%	62,5%	429
25-SÁL			48,6%	4,5%	1,1%	13,5%	67,7%	32,3%	69,7%	2.123
26-TAN			13,4%	16,9%	9,6%	10,9%	50,8%	49,3%	57,7%	479
31-MoM			36,3%	2,2%	1,6%	7,2%	47,3%	52,7%	48,6%	2.145
32-GTD			53,6%	2,0%	1,0%	3,1%	59,7%	40,3%	57,9%	196
33-IOM			32,2%	1,6%	1,1%	5,0%	39,9%	60,1%	40,3%	2.500
34-HSF			42,3%	1,6%	2,2%	8,8%	54,9%	45,1%	56,0%	1.091
41-HIT			70,4%	1,5%	1,5%	3,4%	76,8%	23,2%	78,1%	1.308
42-KOM			64,9%	1,1%	2,8%	2,8%	71,6%	28,5%	71,8%	1.623
43-DMM			63,2%	1,9%	4,0%	2,9%	72,0%	28,0%	75,9%	894
44-FGK			58,2%	2,9%	6,2%	2,3%	69,6%	30,4%	76,8%	306
51-IVT			54,7%	3,2%	2,1%	7,5%	67,5%	32,6%	68,7%	2.466
52-JVD			41,3%	1,5%	2,1%	3,8%	48,7%	51,4%	49,6%	479
53-LUD			47,5%	1,1%	1,9%	11,6%	62,1%	37,9%	62,5%	1.453
54-RTV			52,5%	0,6%	4,2%	3,4%	60,7%	39,4%	63,0%	503
55-RVD			36,7%	3,9%	6,9%	20,5%	68,0%	32,1%	69,9%	1.349
56-UB			53,0%	0,8%	4,3%	5,3%	63,4%	36,6%	64,9%	487
Samtals			48,6%	3,8%	3,1%	7,5%	63,0%	36,9%	64,5%	31.587

Tafla 6 sýnir afdrif nemenda sem hófu fyrsta feril í grunnnámi við Háskóla Íslands á árunum 2008–2020. Staða ferils er metin (tekin út) við lok vormisseris 2025. Í greiningunni hafa ferlar án ECTS-eininga (0-ferlar) verið fjarlægðir. Taflan sýnir annars vegar hlutfall þeirra sem brautskráðust á fyrsta ferli og hins vegar hlutfall þeirra sem brautskráðust síðar eftir að hafa hafið nýjan feril, annaðhvort í sömu deild (SD), á sama fræðasviði (SF) eða á öðru fræðasviði (AF). Einnig er sýnt hlutfall þeirra sem hafa ekki brautskráðst úr Háskóla Íslands. Síðasti dálkurinn sýnir líkur á brautskráningu samkvæmt tölfræðilegu líkani sem tekur mið af heildarbrautskráningu eftir fyrsta feril. Munurinn á tölum í 6 og 8. dálki ræðst af því að líkanið tekur tilliti til þess nemendur sem innrituðust árið 2020 eiga enn möguleika á brautskráningu síðar á ferlinum.

Dálkurinn fyrir þá sem hafa ekki enn brautskráðs úr grunnnámi eftir deildum er ekki endilega samanburðarhæfur milli deilda því að baki eru nemendur sem hafa haft

mislangan tíma til að ljúka námi, en einmitt þess vegna var gripið til þess ráðs að meta líkön lifunargreiningar sem eru að baki flestum myndum í þessari skýrslu.

Í heildina hafa 48,6% nemenda brautskráðst á fyrsta ferli sínum. Að auki lýkur hluti nemenda námi síðar eftir að hafa hafið nýjan feril. Heildarhlutfall eða líkur á brautskráningu samkvæmt líkaninu eru 64,5%. Um 36,9% nemendum hafa hins vegar ekki brautskráðst úr Háskóla Íslands á því tímabili sem hér er skoðað.

Töluverður munur er á milli deilda. Hæst er hlutfall brautskráninga á fyrsta ferli í Deild heilsueflingar, íþrótta og tómstunda (HIT), þar sem 70,4% nemendum ljúka námi án þess að skipta um feril. Há hlutföll sjást einnig í Deild kennslu- og menntunarfræði (KOM), 64,9%, og Deild menntunar og margbreytileika, 63,2%. Á Félagsvísindasviði er hlutfallið til dæmis 54,5% í Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild og 49,4% í Hagfræðideild.

Viðskiptafræðideild, Hagfræðideild, Læknadeild, Tannlæknadeild og Hjúkrunarfræðideild skera sig úr með hlutfall nemenda sem brautskrást á öðrum eða síðari ferli. Ólíkar ástæður liggja þar að baki. Í Viðskiptafræðideild og Hagfræðideild var tvífallsreglan lengi í gildi sem ýtti nemendum í nýjan feril, en í deildum Heilbrigðisvísindasviðs hafa fjöldatakmarkanir þau áhrif að sumir nemendur reyna aftur eftir að hafa ekki náð í gegn í fyrstu atrennu.

Í nokkrum deildum er hlutfall þeirra sem brautskrást úr Háskóla Íslands tiltölulega lágt. Þetta á meðal annars við í Íslensku- og menningardeild (IOM), þar sem 60,1% nemendum hafa ekki brautskráðst úr HÍ á tímabilinu. Heildarlíkur á brautskráningu samkvæmt líkaninu eru þar 40,3%, sem er lægsta hlutfallið í töflunni. Einnig eru líkur á brautskráningu undir 50% í Mála- og menningardeild og Jarðvísindadeild.

Á hinn bóginn eru heildarlíkur á brautskráningu samkvæmt líkaninu hæstar í nokkrum heilbrigðis- og tæknigreinum. Nemendur sem hefja sitt grunnnám í hjúkrunarfræði (HJÚ) sýna brautskráningarhlutfall uppá 79,2% og í 78,1% (það er brautskráning úr einhverri deild HÍ). Þetta bendir til þess að í sumum deildum ljúki mjög stór hluti nemenda námi, annaðhvort á fyrsta ferli eða eftir að hafa breytt um námsleið innan háskólans.

Niðurstöðurnar undirstrika að námsferlar nemenda eru oft ekki línulegir, heldur fela í sér breytingar á námsleið áður en námi er lokið. Þótt hluti nemenda ljúki námi á fyrsta ferli breyta aðrir um námsleið áður en námi er lokið. Þegar tekið er tillit til slíkra breytinga hækkar heildarhlutfall brautskráninga töluvert miðað við það sem sést ef aðeins er horft til fyrsta ferils.

Á næstu síðum eru nokkrar töflur sem sýna hvar þeir nemendur sem lokið hafa grunnnámi ljúka meistaranámi ef þeir á annað borð hafa lokið slíku námi. Þá eru allir þeir sem hófu grunnnám 2008 eða síðar og luku því fyrir árið 2021. Þeim nemendum er fylgt eftir og þar til þeir ljúka fyrstu, ef einhverri, meistaragráðu við Háskóla Íslands.

Tafla 7 Nemendur sem ljúka grunnnámi í deildum FVS fyrir 2021 og meistaragráðu í deildum HÍ til 2025 (ekki viðbótargráða)

Meistaragráða úr deild:	Grunnnám úr deildum FVS					
	FMP	FRG	HAG	LÖG	STJ	VIÐ
FMP	118	22	0	0	5	0
Félagsráðgjafardeild	1	293	0	0	1	1
Hagfræðideild	0	0	25	0	3	5
Lagadeild	1	0	0	585	3	1
Stjórn málafræðideild	34	1	0	3	53	1
Viðskiptafræðideild	70	35	22	1	19	250
Hjúkrunarfræðideild	0	0	1	0	0	0
Lyfjafræðideild	0	0	0	0	0	0
Læknadeild	2	0	0	0	0	0
Matvæla- og næringarfræðideild	0	0	0	0	0	0
Sálfræðideild	2	0	0	0	0	0
Tannlæknadeild	0	0	0	0	0	0
Mála- og menningardeild	0	0	0	0	0	0
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	1	0	0	0	0	0
Íslensku- og menningardeild	7	1	1	0	2	0
HSF	27	1	2	0	0	1
Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda	0	3	0	1	0	0
Deild kennslu- og menntunarfræði	6	3	0	0	0	0
Deild menntunar og margbreytileika	3	2	0	0	0	0
Deild faggreinakennslu	5	0	0	1	1	0
IVT	0	0	1	0	0	0
Jarðvísindadeild	0	0	0	0	0	0
Líf- og umhverfisvísindadeild	0	0	0	0	0	0
Rafmagns- og tölvuverkfræðideild	0	0	0	0	0	0
Raunvísindadeild	0	0	1	0	0	0
Umhverfis- og byggingarverkfræðideild	0	0	0	0	0	0
Þverfræðilegt framhaldsnám	22	4	2	1	8	7
Ekki meistaragráða ennpá	625	262	222	101	316	901
Samtals	924	627	277	693	411	1167

Tafla 7 sýnir í hvaða deildum nemendur, sem hófu grunnnám á Félagsvísindasviði (FVS) 2008 eða síðar og luku því fyrir 2021, ljúka meistaranámi við Háskóla Íslands til ársins 2025. Taflan varpar ljósi á bæði samfellu innan deilda og flæði nemenda milli fræðasviða.

Sterk innri samfella er í nokkrum deildum þar sem meistaranám er skýrt framhald af grunnnámi. Þetta á sérstaklega við um Lagadeild (585 af 693 ljúka meistaranámi þar) og Félagsráðgjafardeild (293 af 627), þar sem skipulag náms og kröfur til starfsréttinda stuðla að því að nemendur haldi sig innan sömu deildar. Í Viðskiptafræðideild er einnig talsverð samfella (250 af 1167), þó þar sé flæði til annarra deilda jafnframt áberandi.

Þverfræðilegt framhaldsnám gegnir einnig hlutverki, þó í minna mæli, með nemendur úr öllum helstu deildum.

Loks er áberandi að stór hluti nemenda hefur ekki lokið meistaranámi fyrir árið 2025, til dæmis 901 af 1167 úr Viðskiptafræðideild og 625 af 924 úr FMP. Þetta endurspeglar bæði Tafla 8 Nemendur sem ljúka grunnnámi í deildum HVS fyrir 2021 og meistaragráðu í deildum HÍ til 2025 (ekki viðbótargráða)

Tafla 9 Nemendur sem ljúka grunnnámi í deildum HVS fyrir 2021 og meistaragráðu í deildum HÍ til 2025 (ekki viðbótargráða)

Meistaragráða úr deild:	Grunnnám úr deildum HVS					
	HJÚ	LYF	LÆK	MON	SÁL	TAN
FMP	1	0	0	0	13	0
Félagsráðgjafardeild	1	0	0	0	1	0
Hagfræðideild	0	0	0	0	1	0
Lagadeild	0	0	0	0	1	0
Stjórn málafræðideild	2	0	1	1	3	0
Viðskiptafræðideild	12	0	1	4	64	2
Hjúkrunarfræðideild	62	0	1	0	0	0
Lyfjafræðideild	1	198	3	1	0	0
Læknadeild	0	0	189	4	1	0
Matvæla- og næringarfræðideild	0	0	0	72	1	0
Sálfræðideild	0	0	0	1	184	0
Tannlæknadeild	0	0	0	0	0	3
Mála- og menningardeild	0	0	0	0	0	0
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	0	0	0	0	1	0
Íslensku- og menningardeild	0	0	0	0	1	0
HSF	0	0	0	0	1	0
Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda	0	0	1	1	1	0
Deild kennslu- og menntunarfræði	0	0	0	0	6	0
Deild menntunar og margbreytileika	0	0	0	0	11	0
Deild faggreinakennslu	0	0	0	0	2	0
IVT	0	0	0	0	0	0
Jarðvísindadeild	0	0	0	0	0	0
Líf- og umhverfisvísindadeild	0	0	0	0	1	0
Rafmagns- og tölvuverkfræðideild	0	0	0	0	0	0
Raunvísindadeild	0	0	0	0	1	0
Umhverfis- og byggingarverkfræðideild	0	0	1	0	0	0
Þverfræðilegt framhaldsnám	8	1	6	1	49	1
Ekki meistaragráða ennþá	538	20	684	55	535	97
Samtals	625	219	887	140	878	103

Tafla 8 sýnir í hvaða deildum nemendur, sem hófu grunnnám á Heilbrigðisvísindasviði (HVS) 2008 eða síðar og luku því fyrir 2021, ljúka meistaranámi við Háskóla Íslands til ársins 2025. Taflan endurspeglar bæði áframhaldandi nám innan sömu greinar og flæði milli fræðasviða.

Skýr mynstur sjást í deildum þar sem nám er skipulagt sem samfelld leið til starfsréttinda eða sérfræðiréttindi. Nemendur úr Lyfjafræðideild (198 af 219), Læknadeild (189 af 887), Sálfræðideild (184 af 878) og Hjúkrunarfræðideild (62 af 625) ljúka að langmestu leyti meistaranámi í sömu deild sem sýnir sterkra innri samfellu námsleiða.

Í öðrum tilvikum er flæði fjölbreyttara. Nemendur úr grunnnámi í Sálfræðideild leita í verulegum mæli í Viðskiptafræðideild. Þá má sjá að þverfræðilegt framhaldsnám gegnir ákveðnu hlutverki, sérstaklega fyrir nemendur úr Sálfræðideild (49) og í minna mæli úr öðrum greinum.

Jafnframt er áberandi að stór hluti nemenda hefur ekki lokið meistaranámi fyrir árið 2025, til dæmis 684 af 887 úr Læknadeild og 538 af 625 úr Hjúkrunarfræðideild. Þetta endurspeglar annars vegar lengd og eðli námsleiða og hins vegar að hluti nemenda fer ekki í framhaldsnám eða er enn í námi.

Tafla 10 Nemendur sem ljúka grunnnámi í deildum HUG fyrir 2021 og meistaragráðu í deildum HÍ til 2025 (ekki viðbótargráða)

Meistaragráða úr deild:	Grunnnám úr deildum HUG			
	MOM	GTD	IOM	HSF
FMP	5	2	20	15
Félagsráðgjafardeild	2	1	0	0
Hagfræðideild	1	0	0	1
Lagadeild	1	0	5	2
Stjórn málafræðideild	26	0	6	13
Viðskiptafræðideild	18	1	16	8
Hjúkrunarfræðideild	0	0	0	0
Lyfjafræðideild	1	0	0	0
Læknadeild	2	0	0	0
Matvæla- og næringarfræðideild	0	0	0	1
Sálfræðideild	1	0	1	1
Tannlæknadeild	0	0	0	0
Mála- og menningardeild	67	0	7	1
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	0	46	0	0
Íslensku- og menningardeild	39	0	164	5
HSF	7	0	22	77
Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda	0	0	1	1
Deild kennslu- og menntunarfræði	0	0	5	5
Deild menntunar og margbreytileika	4	0	0	0
Deild faggreinakennslu	4	0	2	2
IVT	0	0	0	0
Jarðvísindadeild	0	0	0	0
Líf- og umhverfisvísindadeild	0	0	0	1
Rafmagns- og tölvuverkfræðideild	0	0	0	0
Raunvísindadeild	1	0	0	0
Umhverfis- og byggingarverkfræðideild	1	0	0	0
Þverfræðilegt framhaldsnám	4	0	22	4
Ekki meistaragráða ennþá	532	56	452	299
Samtals	716	106	723	436

Tafla 9 sýnir í hvaða deildum nemendur, sem hófu grunnnám á Hugvísindasviði (HUG) 2008 eða síðar og luku því fyrir 2021, ljúka meistaranámi við Háskóla Íslands til ársins

2025. Taflan dregur fram bæði innri samfellu innan sviðsins og töluvert flæði til annarra fræðasviða.

Samfella innan Hugvísindasviðs er sterk í nokkrum deildum. Nemendur úr Íslensku- og menningardeild ljúka að miklu leyti meistaranámi í sömu deild (164 af 723), og hið sama á við um Guðfræði- og trúarbragðafræðideild (46 af 106) og HSF (77 af 436). Þá er einnig talsverð samfella í Mála- og menningardeild (67 af 716), sem bendir til þess að margar námsleiðir innan sviðsins byggist á áframhaldandi sérhæfingu innan sama fræðasviðs.

Á sama tíma er flæði milli sviða áberandi. Nemendur úr öllum deildum HUG sækja í meistaranám á Félagsvísindasviði, sérstaklega í Stjórn málafræðideild (t.d. 26 úr MOM og 13 úr HSF) og Viðskiptafræðideild (t.d. 18 úr MOM og 16 úr IOM) sem undirstrikar að grunnnám í hugvísindum opnar leiðir inn á fjölbreytt framhaldsnám.

Þverfræðilegt framhaldsnám gegnir ákveðnu hlutverki, einkum fyrir nemendur úr Íslensku- og menningardeild (22), en einnig úr öðrum deildum.

Loks er áberandi að stór hluti nemenda hefur ekki lokið meistaranámi fyrir árið 2025, til dæmis 532 af 716 úr Mála- og menningardeild og 452 af 723 úr Íslensku- og menningardeild. Þetta endurspeglar bæði að hluti nemenda fer ekki í framhaldsnám og að námsferlar eru oft lengri og fjölbreyttari.

Tafla 11 Nemendur sem ljúka grunnnámi í deildum MVS fyrir 2021 og meistaragráðu í deildum HÍ til 2025 (ekki viðbótargráða)

Meistaragráða úr deild:	Grunnnám úr deildum MVS			
	HÍT	KOM	DMM	FGK
FMP	15	18	39	2
Félagsráðgjafardeild	1	1	0	0
Hagfræðideild	0	0	0	0
Lagadeild	1	0	0	0
Stjórn málafræðideild	5	1	7	1
Viðskiptafræðideild	19	20	11	0
Hjúkrunarfræðideild	0	0	0	0
Lyfjafræðideild	0	0	0	0
Læknadeild	2	0	0	0
Matvæla- og næringarfræðideild	1	0	0	0
Sálfræðideild	0	0	0	0
Tannlæknadeild	0	0	0	0
Mála- og menningardeild	0	0	0	0
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	0	0	0	0
Íslensku- og menningardeild	0	3	0	0
HSF	2	4	1	0
Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda	55	13	0	1
Deild kennslu- og menntunarfræði	5	280	15	0
Deild menntunar og margbreytileika	12	14	40	0
Deild faggreinakennslu	0	64	2	9
IVT	0	0	0	0
Jarðvísindadeild	0	0	0	0
Líf- og umhverfisvísindadeild	0	1	0	0
Rafmagns- og tölvuverkfræðideild	0	0	0	0
Raunvísindadeild	0	0	0	0
Umhverfis- og byggingarverkfræðideild	0	0	0	0
Þverfræðilegt framhaldsnám	12	6	9	0
Ekki meistaragráða ennþá	717	634	319	56
Samtals	847	1059	443	69

Tafla 10 sýnir í hvaða deildum nemendur, sem hófu grunnnám á Menntavísindasviði (MVS) 2008 eða síðar og luku því fyrir 2021, ljúka meistaranámi við Háskóla Íslands til ársins 2025. Taflan dregur fram bæði sterka innri samfellu innan sviðsins og tengingar við önnur fræðasvið.

Mjög skýr samfella er í nokkrum lykildeildum MVS. Nemendur úr Deild kennslu- og menntunarfræði ljúka að miklu leyti meistaranámi í sömu deild (280 af 1059), og hið sama á við um Deild faggreinakennslu (280 af 1059) og Deild menntunar og margbreytileika (40 af 443). Þetta endurspeglar að margar námsleiðir á sviðinu eru skipulagðar sem framhald af grunnnámi og tengjast beint starfsvettvangi, til dæmis kennslu.

Á sama tíma er flæði til annarra sviða áberandi. Nemendur úr öllum deildum MVS sækja í meistaranám á Félagsvísindasviði, sérstaklega í Viðskiptafræðideild (t.d. 19 úr HÍT og 20

úr KOM) og í FMB (t.d. 39 úr DMM og 18 úr KOM). Þá má einnig sjá tengingar við Stjórn málafræðideild og aðrar greinar, sem bendir til þess að grunnnám á MVS veiti aðgang að fjölbreyttum framhaldsleiðum utan sviðsins.

Þverfræðilegt framhaldsnám gegnir einnig ákveðnu hlutverki, einkum fyrir nemendur úr HÍT (12) og DMM (9), sem endurspeglar sveigjanleika í námsleiðum.

Loks er áberandi að stór hluti nemenda hefur ekki lokið meistaranámi fyrir árið 2025, til dæmis 717 af 847 úr HÍT og 634 af 1059 úr KOM. Þetta bendir annars vegar til þess að ekki allir fari í framhaldsnám og hins vegar að námsferlar geti verið langir og brotakenndir.

Tafla 12 Nemendur sem ljúka grunnnámi í deildum VoN fyrir 2021 og meistaragráðu í deildum HÍ (ekki viðbótargráða)

Grunnnám úr deildum VoN:						
Meistaragráða úr deild:	IVT	JVD	LUD	RTV	RVD	UB
FMB	0	0	3	0	0	0
Félagsráðgjafardeild	0	1	0	0	0	0
Hagfræðideild	2	1	0	1	4	1
Lagadeild	0	0	0	0	0	0
Stjórn málafræðideild	0	0	6	0	0	0
Viðskiptafræðideild	5	0	62	1	2	0
Hjúkrunarfræðideild	0	0	0	0	0	0
Lyfjafræðideild	0	0	0	0	2	0
Læknadeild	0	0	18	0	33	0
Matvæla- og næringarfræðideild	0	0	1	0	1	0
Sálfræðideild	2	0	0	0	0	0
Tannlæknadeild	0	0	0	0	0	0
Mála- og menningardeild	0	0	0	0	0	0
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	0	0	0	0	0	0
Íslensku- og menningardeild	2	0	1	1	0	0
HSF	0	0	1	0	0	0
Deild heilsuefningar, íþróttar og tómstunda	0	0	1	0	0	0
Deild kennslu- og menntunarfræði	0	1	1	0	1	0
Deild menntunar og margbreytileika	0	0	1	0	0	0
Deild faggreinakennslu	0	1	0	0	0	0
IVT	132	1	2	0	8	0
Jarðvísindadeild	0	48	1	0	3	0
Líf- og umhverfisvísindadeild	0	0	51	0	10	0
Rafmagns- og tölvuverkfræðideild	1	0	0	11	0	0
Raunvísindadeild	2	0	0	2	50	0
Umhverfis- og byggingarverkfræðideild	4	0	0	0	1	58
Þverfræðilegt framhaldsnám	5	6	20	0	8	1
Ekki meistaragráða ennþá	1058	133	532	200	355	166
Samtals	1213	192	701	216	478	226

Tafla 11 sýnir í hvaða deildum nemendur, sem hófu grunnnám á Verkfræði- og náttúruvísindasviði (VoN) 2008 eða síðar og luku því fyrir 2021, ljúka meistaranámi við

Háskóla Íslands til ársins 2025. Taflan endurspeglar bæði sterka samfellu innan sérhæfðra greina og ákveðið flæði til annarra sviða.

Samfella innan sviðsins er áberandi í flestum deildum. Nemendur úr IVT ljúka að stórum hluta meistaranámi í sömu deild (132 af 1213), og hið sama á við um Jarðvísindadeild (48 af 192), Líf- og umhverfisvísindadeild (51 af 701), Raunvísindadeild (50 af 478) og Umhverfis- og byggingarverkfræðideild (58 af 226). Þetta bendir til þess að námsleiðir á sviðinu séu að miklu leyti byggðar upp sem sérhæfð framhald innan sama fræðasviðs.

Á sama tíma er ákveðið flæði til annarra sviða, einkum til Félagsvísindasviðs og Heilbrigðisvísindasviðs. Nemendur úr Líf- og umhverfisvísindadeild og Raunvísindadeild sækja til dæmis í Læknadeild (18 og 33) og í Viðskiptafræðideild (62 úr LUD), sem bendir til tengsla milli náttúruvísinda, heilbrigðisgreina og viðskipta. Þá má einnig sjá tengingar við Hagfræðideild og aðrar greinar, þó í minna mæli.

Þverfræðilegt framhaldsnám gegnir einnig hlutverki, sérstaklega fyrir nemendur úr Líf- og umhverfisvísindadeild (20), sem endurspeglar möguleika á að nýta grunn í náttúruvísindum yfir í breiðari fræðileg viðfangsefni.

Loks er áberandi að stór hluti nemenda hefur ekki lokið meistaranámi fyrir árið 2025, til dæmis 1058 af 1213 úr IVT og 532 af 701 úr Líf- og umhverfisvísindadeild. Þetta endurspeglar bæði að hluti nemenda fer ekki í framhaldsnám og að námsferlar á sviðinu geta verið langir eða leitt út fyrir háskólann.

N5. Þröskuldsnámskeið

Að lokum var gerð fyrsta atlagan að greiningu á því sem höfundar kalla þröskuldsnámskeið. Sú greining snýst um að greina hvort tiltekin námskeið geti spáð fyrir um brotthvarf, með öðrum orðum, hvort sum námskeið reynist nemendum svo erfið þraut að þau verði eins konar þröskuldur sem þurfi að komast yfir til að eiga möguleika á útskrift. Ef nemandi nær ekki að ljúka slíku námskeiði, gæti það verið vísbending um að hann hætti námi án prófgráðu.

Það kann að vera sérkennilegt að skrifa um í þessari skýrslu lýsingu á aðferð en birta ekki niðurstöður. Í þessu tilfelli telja höfundar það réttlætanlegt því niðurstöður um hlutfall tilrauna sem nemendur reyna við námskeið og ná að ljúka því og ljúka prófgráðu er unnt að tengja við tiltekna kennara og aðstæður eru það misjafnir í deildum að hlutfallið eitt og sér ségir of lítið nema rýnt sé í námsumhverfi í viðkomandi deild eða fræðasviði.

Fyrir hvert námskeið er reiknað svokallað tóksthlutfall, sem lýsir hlutfalli þeirra nemenda sem ljúka námskeiðinu miðað við heildarfjölda skráðra nemenda. Segjum t.d. að 100 nemendur séu skráðir í námsleið. Allir 100 skrá sig í námskeiðið, 50 klára námskeiðið og gráðu í fyrstu atrennu. Allir hinir 50 taka námskeiðið aftur og aðeins 10 þeirra klára með gráðu hinir 40 falla og hætta. Þá erum við með $n = 150$ tilraunir og 60 tilraunir sem ljúka með gráðu. *Tóksthlutfall* þessa námskeiðs er þá 40%.

Námskeið með 5 lægstu *Tóksthlutfall* hverrar deildar er afhent fræðasviðum án þess að birta í þessari skýrslu. Námskeið sem eru með færri en 40 skráningar eru ekki tekin með þar sem hlutfallið þykir of óstöðugt til að nota í frekari rýni.

Vitneskja af þessu tagi getur verið afar gagnleg. Ef Háskóli Íslands eða viðkomandi deild getur bent á ákveðið námskeið sem veldur hlutfallslega miklu brotthvarfi, gefur það tilefni til að endurskoða viðkomandi námskeið eða kennsluskránni í heild. Mögulega væri hægt að bjóða aukinn stuðning við nemendur í slíku námskeiði, breyta kennsluháttum, eða jafnvel endurskipuleggja framvindu námsins þannig að nemendur séu betur undirbúnir þegar að þessum þröskuldi kemur. Í ofangreindu dæmi um BA-ritgerðina mætti t.d. bregðast við með því að bjóða sérstakar vinnusmiðjur fyrir lokaverkefni eða eftirlit kennara/stúdenta umfram hefðbundinn stuðning til að tryggja að nemendur klári lokasprettinn.

Þessi greining á þröskuldsnámskeiðum er enn á frumstigi og í þessari skýrslu eru einungis dregin fram meginatriði og dæmi. Mikil vinna er framundan við að fara kerfisbundið í gegnum gögn allra fræðasviða og bera kennsl á slík námskeið, ef þau eru til staðar. Þegar þeirri vinnu er lokið geta deildir nýtt sér niðurstöðurnar til að bæta námsferla – markmiðið er auðvitað að fækka hindrunum í náminu og sjá til þess að sem flestir nemendur sem hefja nám eigi raunhæfan kost á að ljúka því. Með markvissri og ábyrgri nýtingu slíkra greininga geta deildir mögulega gripið inn í og aukið kennslufræðilegan til handa kennurum eða aukið stuðning við nemendur sem glíma við hindranir og þannig dregið úr líkum á brotthvarfi án þess að skerða akademísk viðmið eða faglegt sjálfstæði kennslu.

Umræður

Fyrstu myndir rannsóknarinnar sýna hvernig brautskráningarhlutfall nemenda við Háskóla Íslands þróast eftir helstu bakgrunnsbreytum. Nemendum er fylgt eftir í allt að tíu ár frá innritun og brautskráningarhlutfall reiknað sem hlutfall þeirra sem hafa lokið námi af heildarfjölda við upphaf náms.

Þegar brautskráningarhlutfall er greint eftir fræðasviðum kemur í ljós að Menntavísindasvið er með hæsta hlutfallið. Þar sést skýr aukning eftir tæp þrjú ár, sem bendir til þess að stór hópur ljúki hefðbundnu þriggja ára grunnnámi á réttum tíma. Eftir það hækkar hlutfallið áfram, en hægar, og ef nemandi hefur ekki lokið námi innan fimm ára frá innritun eru líkur á brautskráningu orðnar minni. Heilbrigðisvísindasvið kemur næst með hátt og stöðugt brautskráningarhlutfall. Félagsvísindasvið og Verkfræði- og náttúruvísindasvið eru í meðallagi og Hugvísindasvið og mælist lægst

Kynjamunur er einnig skýr. Konur eru almennt líklegri en karlar til að ljúka námi. Þetta bendir til þess að karlar mæti hindrunum oftast í námi eða forgangsraði tíma sínum og kröftum með öðrum hætti. Niðurstöður gefa því tilefni til að skoða hvaða þættir styðja við námsframvindu kvenna og hvernig megi efla stuðning við karla.

Aldur við innritun skiptir einnig máli. Nemendur á aldrinum 19–21 árs hafa hæsta brautskráningarhlutfallið. Nemendur, 25 ára og eldri, eru með mun lægra brautskráningarhlutfall yfir allt tímabilið. Það bendir til þess að þeir sem hefja nám um tvítugt eigi almennt auðveldara með að ljúka því innan hefðbundins tíma, en eldri nemendur taki sér oftast lengri tíma eða ljúki síður námi, hluta til vegna aukinna skuldbindinga utan skóla.

Innritunarár hefur einnig áhrif. Nemendur sem hófu nám 2014 og 2015 ná almennt hærra brautskráningarhlutfalli en þeir sem hófu nám 2008 og 2009. Þeir sem byrjuðu strax í kjölfar efnahagshrunsins virðast hafa staðið verr að vígi. Nemendur sem voru við nám þegar COVID-19 hafði mikil áhrif á allt samfélagið hafa mun meiri líkur á brautskráningu en aðrir árgangar. Þessi mynstur er þó breytilegt eftir fræðasviðum og deildum. Þetta bendir til þess að samfélags- og efnahagslegar aðstæður geti haft veruleg áhrif á námsframvindu.

Niðurstöður eftir fræðasviðum

Þegar litið er til einstakra fræðasviða koma almennt fram svipaðar tilhneigingar og í heildargögnunum: konur brautskrást oftast en karlar og yngri nemendur standa víða betur að vígi en þeir eldri. Um leið sést að deildir innan sviðanna eru misjafnar og að greina má nokkur sérkenni á hverju og einu fræðasviði.

Á Félagsvísindasviði er brautskráningarhlutfall í meðallagi, en munur er milli deilda. Kynja- og aldursmynstur eru svipuð og í heildargögnunum, enda eru þar lang flestir nemendur yfir tímabilið. Innritunarár virðist einnig hafa áhrif með sambærilegum hætti víða annars staðar í skólanum.

Á Heilbrigðisvísindasviði er brautskráningarhlutfall hátt og nokkuð jafnt milli deilda. Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild sker sig úr með mjög hátt hlutfall, en í lækisfræði þarf að hafa í huga að námið er lengra og því eðlilegt að brautskráning dreifist yfir lengra tímabil. Almennt bendir þessi mynd til þess að skýrt afmarkaðar og starfsmiðaðar námsleiðir auðveldi veiti nemendum aðhald sem eykur líkur á að þeir að ljúki námi.

Á Hugvísindasviði er brautskráningarhlutfall lægst og námsframvinda hægari. Margir taka lengri tíma en þrjú til fjögur ár í að ljúka námi og líklegt er að sveigjanleiki náms, hlé eða brautaskipti skýri það að hluta. Sumar deildir sviðsins koma betur út en aðrir, sem gefur tilefni til að skoða hvort markvissari eftirfylgni, skýrari námsáætlanir og sterkari tenging við framhaldsnám eða atvinnulíf gætu stutt betur við námsframvindu.

Menntavísindasvið er með hæsta brautskráningarhlutfallið í greiningunni, en þar er þó einnig munur milli deilda. Deild faggreinakennslu og Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda koma sérstaklega vel út, en í öðrum deildum virðast nemendur oftara taka lengri tíma eða hætta frekar. Niðurstöðurnar benda til þess að skýr uppbygging náms, markviss námsleiðsögn og sterk stoðþjónusta skipti þar miklu máli.

Á Verkfræði- og náttúruvísindasviði er brautskráningarhlutfall í meðallagi hátt. Lítil kynjamunur á VoN vekur athygli og vel þess virði að rýna betur í hvað valdi til að mögulega bæta kennslu og stoðþjónustu á öðrum fræðasviðum.

Ályktanir og stefnumótun

Niðurstöðurnar veita heildstæða mynd af námsferlum nemenda við Háskóla Íslands og sýna að námsárangur ræðst af samspili margra þátta. Kyn, aldur, innritunarár og fræðasvið tengjast öll líkum á brautskráningu. Jafnframt er mikilvægt að hafa í huga að brotthvarf felur ekki alltaf í sér endanlega útgöngu úr háskólanámi; margir skipta um nám, fara í aðra deild eða jafnvel annað fræðasvið í sömu eða leið innan skólans.

Rannsóknin bendir til þess að háskólinn geti nýtt niðurstöðurnar með markvissum hætti í stefnumótun. Þær kalla á aukinn stuðning við tiltekna hópa, einkum karla, eldri nemendur og þá sem hefja nám við erfiðar ytri aðstæður. Einnig benda þær til þess að skoða þurfi betur námsumhverfi þeirra sviða og deilda þar sem brautskráningarhlutfall er lægra, einkum þar sem brotthvarf verður snemma í námi.

Ef unnt er að greina hvar nemendur dragast helst aftur úr, geta deildir og svið brugðist við með breytingum á skipulagi náms, kennsluháttum og stuðningsúrræðum. Slíkar aðgerðir gætu bætt námsframvindu og dregið úr brottfalli.

Í heild sýnir rannsóknin að Háskóli Íslands býr yfir mikilvægum upplýsingum sem geta nýst til að bæta kennslu og námsárangur, efla stoðþjónustu og styðja betur við fjölbreyttan nemendahóp. Með reglubundinni greiningu af þessu tagi og markvissri nýtingu niðurstæðna í stefnumótun getur skólinn aukið líkur á að fleiri nemendur ljúki námi og styrkt bæði starfsemi sína og samfélagslegt hlutverk.

Við úrvinnslu gagnanna kom skýrt fram að stúdentabókhalð, þ.e. og nemendaskrá Háskóla Íslands er fyrst og fremst ætluð til utanumhalds um skráningu nemenda. Kerfið er hannað með þarfir nemenda og stoðþjónustu í huga, en síður með tölfræðilega úrvinnslu að leiðarljósi. Notkun ferla, þ.e. hvenær sami ferill er endurnýttur og hvenær nýr ferill er stofnaður, er mismunandi milli fræðasviða og deilda. Þegar sú notkun, og breytingar á henni yfir tíma, eru ekki skráðar verður úrvinnsla gagnanna erfiðari og niðurstöður torveldari í túlkun. Þetta er alls ekki einstakt; sambærileg áskorun hefur komið upp í Sögukerfinu, rafrænu sjúkraskrárkerfi heilbrigðisþjónustunnar, þar sem hönnun tók upphaflega ekki mið af þörfum greiningar og rannsókna. Höfundar leggja því til að áframhaldandi þróun nemendakerfis Háskóla Íslands taki betur mið af þörfum

rannsóknna samhliða daglegri þjónustu. Slíkar umbætur myndu ekki einungis styrkja gæði gagna og greininga, heldur einnig skila sér í betri þjónustu, markvissari ákvarðanatöku og bættri yfirsýn sem nýtist bæði nemendum, stoðþjónustu og stjórnendum til lengri tíma.

Heimildir

Kaplan, E. L., & Meier, P. (1958). Nonparametric estimation from incomplete observations. *Journal of the American Statistical Association*, 53(282), 457–481.

Hosmer, D. W., Lemeshow, S., & May, S. (2008). *Applied Survival Analysis: Regression Modeling of Time to Event Data*. Wiley.

Landssamtök íslenskra stúdenta. (2025). *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Menntasjóð námsmanna nr. 60/2020 (námsstyrkir og endurgreiðslur)*, 254. mál.


UNECE (e.d.) *Mean age of women at birth of first child* (sótt. 6. apríl 2026) <https://w3.unece.org/PXWeb/en/Table?IndicatorCode=34>

Viðauki A


Félagsvísindasvið

,


Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Viðskiptafræðideild FVS




Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Hagfræðideild FVS




Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Lagadeild FVS




Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Stjórn málafræðideild FVS



Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Félagsráðgjafardeild FVS




Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild FVS




Heilbrigðisvísindasvið


Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Hjúkrunarfræðideild HVS




Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Tannlæknadeild HVS




Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Lyfjafræðideild HVS




Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Sálfræðideild HVS



Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Matvæla- og næringarfræðideild HVS




Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Læknadeild HVS




Hugvísindasvið


Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði HUG




Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Guðfræði- og trúarbragðafræðideild HUG



Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Íslensku- og menningardeild HUG




Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Mála- og menningardeild HUG




Menntavísindasvið


Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Deild menntunar og margbreytileika MVS




Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Deild kennslu- og menntunarfræði MVS



Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Deild heilsueflingar, íþróttar og tómstunda MVS




Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Deild faggreinakennslu MVS




Verkfræði- og náttúruvísindasvið


Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Umhverfis- og byggingarverkfræðideild VoN




Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Jarðvísindadeild VoN




Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Rafmagns- og tölvuverkfræðideild VoN



Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild Vo



Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Líf- og umhverfsvísindadeild VoN



Uppsöfnuð tíðni brautskráningar. Raunvísindadeild VoN

